

1. tölublað, 19. árgangur. Febrúar 2023

FRÍMÚRARINN




Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



EPOXY GÓLFEFNI

Hafið samband og við ráðleggjum í vali
á bestu mögulegu lausninni.
Yfir 30 ára reynsla!



Miðhrauni 22b - 210 Garðabæ - Sími 617 8830 ssgolf@ssgolf.is - ssgolf.is

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Bríetartún 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Netfang

ritstjori@frimur.is

Ábyrgðarmaður/YAR

Guðmundur Kr. Tómasson (R&K)

Ritstjóri

Pórhallur Birgir Jóseppson (X)
thorjose@simnet.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (X)
olafurs@granthornton.is

Bragi V. Bergmann (IX)
bragi@fremri.is

Arnar Þór Jónsson (VIII)
Arnar.Thor.Jonsson@domstolar.is

Pétur S. Jónsson (VIII)
pedro@medialux.com

Stefán Einar Stefánsson (VIII)
stefan.e.stefansson@gmail.com

Auglýsingar

Haraldur Haraldsson (IX)
frmrbladi@gmail.com

Örn Geirsson (IX)
oddisteina@gmail.com

Forsíðumynd:

Lindakirkja í Kópavogi.
Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurpel þeirra á meðal.“



Mynd: Guðbrandur Magnússon

Gott veganesti fyrir lífsgönguna

Frímúrarari fær við ýmis tækifæri í Reglustarfinu að heyra þann boðskap að ekki sé aðalatriðið að ná hinum fyrirheitna áfangastað á göngunni, sjálft ferðalagið sé það sem skiptir meginmáli. Með öðrum orðum: Það skiptir mestu hvernig við högum lífi okkar frá degi til dags, hvernig við umgöngumst fjölskyldu okkar, vini og aðra meðborgara.

Í blaðinu að þessu sinni er að finna greinar sem minna okkur á þetta. Fyrst skal þar nefna viðtal br. Arnars Þórs Jónssonar við br. Harald Haraldsson sem umbreytti lífi sínu og starfi á mjög einstakan hátt og sannarlega er hinn nýi vettvangur Haraldar í þeim anda sem Reglustarfið boðar.

Segja má að Reglustarfið hafi verið honum gott veganesti á hinum nýja vettvangi eins og hann lýsir sjálfur í viðtalinu. En þótt frímúrarinn fái gott veganesti við Reglustarfið er það eitt og sér ekki nóg fyrir allt lífið. Br. Stefán Halldórsson minnir okkur á mikilvægi þess að huga að fjárhagslegu öryggi á efri árum með fyrirhyggju í lífeyrismálum. Mikilvægi þeirrar fyrirhyggju eykst hröðum skrefum um þessar mundir þegar hver og ein kynslóð getur vænst þess að lifa umtalsvert lengur en hinar fyrri. Sífellt verður því mikilvægara að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði sitt eins og unnt er eftir að atvinnuþátttöku lýkur.

Seint verður fullsögd sagan af því hvernig sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar og starf Frímúrarareglunnar ófust saman fyrstu áratuginu og hér í blaðinu ritar br. Stefán Einar Stefánsson einn merkan kafla þeirrar samþætту sögu þar sem hann segir frá ferðalagi íslensks fána, sem br.

Sveinn Björnsson forseti Íslands áritaði og er nú, eftir langa ferð, kominn aftur að Bessastöðum.

Margt og fjölbreytt fleira efni er í blaðinu og skal hér nefnd grein um árlega viðburði í Regluheimilinu í Reykjavík, jólaböllin, sem ævinlega njóta mikilla vinsælda meðal yngstu fjölskyldumeðlima bræðranna og er þakkarvert það mikla og óeigingjarna starf sem fjölmargir bræður leggja af mörkum til að gleðja ungu kynslóðina.

Heimsfaraldurinn virðist að mestu genginn yfir, starfið í Reglunni hefur verið með hefðbundnum hætti þetta starfsárið eftir tvö ár mikilla truflana, þegar starfið lá að miklu leyti niðri. Fundasókn hefur ef til vill ekki náð fyrri styrk í öllum stúkunum, en er þó all góð svo stuttu eftir þessar miklu truflanir. Annað starf hefur farið í gang af miklum krafti eins og lesa má um hér í blaðinu, þar sem er meðal annars öflugir og sérlega vel heppnaðir kynningarfundir um starf Reglunnar, einnig óvenjulegar stígtökur erlendis í íslenska stúku og ekki síst vígsla nýs húsnæðis Andrésarstúku á Ísafirði. Allt er þetta til merkis um að þótt áföll hafi dunið yfir með lokunum vegna faraldurs láta bræðurnir það ekki hamla eljusemi sinni. Full ástæða er til að hvetja bræður til að láta vita af öflugu starfi í stúkum sínum, hvort sem er í sjálfu stúkustarfinu eða í félagsstarfi utan stúknanna og þá ekki hvað síst ef bræður taka þátt í hjálpar- og velgjörðarstarfi í samfélagi sínu. Frímúrarinn vill gjarnan segja frá slíku og öllu því sem verða má öðrum hvatning til góðra verka.

Pórhallur Jóseppson

Ég er frímúrari

Samskipti, kærleikur, persónuleg samkennd

*Haraldur Haraldsson hefur lagt í athygli-
verða vegferð út fyrir hina troðnu slóð*

Haraldur Haraldsson er mörgum lesendum að góðu kunnur. Hann hefur á síðustu árum lagt í athygli-verða vegferð, út fyrir hina troðnu slóð sem hann hafði áður fetað. Til að fræðast nánar átti ég eftirfarandi viðtal við hann. Gefum Halla orðið:

Æska mín var lituð af krafti og úti-veru okkar krakkanna. Ekki leið sá dagur þar sem maður var ekki rokinn út að leika. Að leika fól í sér alls konar vísindastarfsemi gagnvart því að vera öflugur, kraftmikill strákur. Að djöflast í gryfjum á hjólum, að vera í túttubyssustríði, veiða í læknum eða spila fótbolta. Allir léku sér saman, strákar og stelpur. Hver einasti dagur færði manni eitthvað nýtt og óvænt. Ég ólst upp við stöðugleika á þann veg að karl faðir minn var mikið fjarverandi vegna vinnu og veiðia-huga á meðan mamma stóð vörð um okkur svona frá degi til dags. Það var ekki fyrr en á unglingsárum sem ég man eftir að móðir mín fór út að vinna

og ég fór að umgangast pabba í meiri mæli.

Mamma og pabbi sitthvor hlið á klettinum

Mamma var minn klettur og ótrúlega sterk en kenndi mér að takast á við tilfinningar. Faðir minn var hinn hliðin á klettinum þar sem mér var kennd iðjusemi og agi. Hann var slökkviliðsmaður á vöktum og ég man vel eftir því hversu stoltur ég var að eiga svona pabba. Þegar hann fór í vinnuna var hann klæddur upp í ein-kennisbúning, vel rakaður og með góðan rakspíra, skórnir vel þússaðir og tilbúinn inn í verkefni dagsins. Þá var hann alltaf heimspekilega hugsandi og mjög náttúrulega gáfaður en hann var ekki háskólamenntaður.

Faðir minn ólst upp í miðbæ Reykjavíkur á stríðsárunum og þurfti mjög fljótlega að standa á eigin fótum og takast á við raunir sem virðast fjarstæðar á okkar tímum. Hann end-aði starfsferil sinn sem stjórnandi slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli og





Fedgarnir á veiðum í Grímsá í Lundareykjadal.



Hjónin Haraldur Haraldsson og Bergdís Eysteinsdóttir.

fékk mikið hrós fyrir stjórnun. Oftar en einu sinni sátum við og ræddum um þær áskoranir sem hann hafði í starfi og alltaf voru svörin á reiðum höndum hjá honum og ef málefnið snérust að mannauði var svar hans ávallt að virða þurfi einstaklinginn, sjálfræði hans og rétta hjálparhönd ef slíkt þurfti.

Til náms í Bandaríkjunum

Þannig fékk ég ríkulegt veganesti frá foreldrum mínum. Eftir grunnskóla og eitt ár sem skiptinemi í Tennessee í Bandaríkjunum fór ég í Fjölbrotaskóla Garðabæjar og útskrifaðist þaðan árið 1990. Þá var ég staðráðinn í að verða auglýsinga- eða kvikmyndagerðarmaður. Ég gerði nokkrar stuttmyndir í framhaldsskóla, gerði auglýsingar í skólablöðin og fór í starfsskynningu sem mótaði hugmyndir mínar enn frekar.

Ég náði að safna fyrir skólagjöldum í skóla sem ég þekkti til í Tennessee sem hafði þá nýlega opnað nýjan hluta sem varð mjög virtur á sviði fjölmiðlafræði, tónlistar og auglýsingafræði. Þá hafði ég kynnst konunni minni, Bergdís Eysteinsdóttur, í FG. Bergdís fór Kennaraháskólann og sérhæfði sig í umönnun leikskólabarna með sérstakar þarfir, sérkennslu.

Ég lauk mínu námi 1996 og þann 1.

júní sama ár giftum við okkur og nú 26 árum seinna stöndum við sterk við hlið hvort annars í gegnum lífsins áskoranir og gleðistundir. Árið 2001 eignuðumst við Birtu Björk sem er okkar ljós og stendur sig vel í að meðhöndla lífið og skólann en hún er að læra hagfræði í Háskólanum í Reykjavík.

Báru af í góðum samskiptum og kurteisi

Af hverju vildir þú gerast frímúrari?

Faðir minn, Haraldur Stefánsson var frímúrari og hafði ég í gegnum árin séð hann klæða sig upp í glæsilegan fatnað á leið á fund. Pabbi var einlægur, góður maður og sýndi mér oft í gegnum tíðina hversu mikla leiðtogahæfileika hann hafði m.a. með því að sýna náungakærleika.

Eftir háskóladvölinu spurði ég föður minn hvað ég þyrfti að hafa til þess að verða frímúrari. Þá settist hann niður með mér og ræddi við mig andleg málefni og útskýrði fyrir mér hvaða ákvarðanir ég þyrfti að taka til þess að ganga í Frímúrararegluna. Hann virtist ánægður með þennan áhuga sem ég sýndi á Reglunni og ákvað ég með festu stuttu síðar að sækja um.

Meðan ég var að safna fyrir skólagjöldum vann ég hjá Skeljungu, m.a. sem vaktstjóri á bensínstöðinni efst á

Laugavegi eða á sama stað og hinir frábæru þættir *Naturvaktin* voru teknir upp. Á þessum tíma komu fastir viðskiptavinir reglulega í kaffi og málefnið voru rædd til hins ítrasta. Þá tók ég eftir því að þegar ég var að afgreiða viðskiptavinum að þeir sem báru hring eins og faðir minn með merki frímúrara báru af í góðum samskiptum og kurteisi. Ég spurði mig hvort þetta væri tilviljun og hvað þessir menn ættu sameiginlegt. Þetta man ég vel og hafði sterk áhrif á minn einskæra áhuga að verða frímúrari. Mig langaði að vera hluti af þessum hóp og gekk inn í Regluna árið 1998, mér til mikillar gæfu.

Faðir konu minnar, Eysteinn Guðmundsson var líka frímúrari og var hann hið mesta ljúfmenni, duglegur og reyndist mér afar vel. Nú eru þeir báðir látnir en skilja eftir sig spor sem eru mér og öðrum til eftirbreytni. Ég hugsa oft til þeirra þegar á reynir í lífinu.

Að vera á krossgötum

Ég sinnti markaðsmálum í rúm 20 ár fyrir ýmis fyrirtæki, m.a. sem markaðsstjóri. Þegar kórónuveiran skall á breyttist margt og ég stóð á krossgötum og ég fann að ég vildi á síðari hluta starfsævinnar láta gott af mér leiða á nýjum vettvangi. Lengi hafði blundað í mér áhugi á sálfræði en mér þótti það aldrei raunhæfur kostur fyrir markaðslærðan mann að snúa baki við menntun minni og reynslu og gera eitthvað í áttina að umönnun eins og sálfræði eða læknisfræði. Það væri einfaldlega of stór biti fyrir mann í minni stöðu sem hafði verið að einbeita sér að efnishyggju, að fara aftur á skólabekk til að láta gamlan draum rætast og snúa mér í átt að starfi sem byggði á gjörólíkum grunni en þeim sem ég hafði áður unnið á.

En ég lét af verða og hóf nám og fékk strax starf hjá Landspítalanum. Þetta var mjög erfið ákvörðun og svolítið út fyrir þægindarammann. Framundan er ákveðin óvissa og ég er í raun að máta mig í starfi og hvert hlutverk mitt endanlega verður er ekki fullmótað.

Úr markaðshlutdeild yfir í umönnun

Síðfræðilegir þættir eru mjög mikilvægir í öllum stéttum og að mínu mati ætti að vera miklu meiri umfjöllun um þessa hlið í viðskiptum og

markaðsfræði. Hvergi er þetta þó augljósara en í umönnun sjúkra. Í slíku starfi er maður daglega minntur á nauðsyn þess að bera umhyggju fyrir skjólstæðingum, virðingu fyrir lífi og mannhelgi, efla heilbrigði, bæta líðan og lína þjáningar. Mikilvægt er að koma fram við skjólstæðinga með virðingu og fara ekki í manngreinarálit.

Starfið innan Frímúrarareglunnar hefur hjálpað mér frá fyrsta degi í þessu starfi. Þannig finnst mér að frímúrarastarfið sem slíkt hafa mótandi áhrif á okkur sem persónur og þar sem við fáum tíma og rúm til þess að ígrunda okkur sjálfa og hvað við getum gert betur.

Að taka þessa ákvörðun um umvendingu gagnvart starfsferli hefur gefið mér nýtt og göfugt markmið. Mér gengur vel í því námi sem ég stunda, þótt það sé nokkuð krefjandi. Innan Landspítalans er mikið af mjög hæfu fólki, sem er vel menntað og þjálfað gagnvart nýjustu tækni og meðferðum. Eðli málsins samkvæmt tel ég þó að seint verði lögð of mikil áhersla á hina siðfræðilegu þætti innan heilbrigðisgeirans.

Tæknihyggjan er óneitanlega mjög ráðandi þáttur nú á tímum. Fólk er í vanmætti þegar það leitar til heilbrigðiskerfisins og þá þarf maður að vanda sig gríðarlega í samskiptum við fólk, virða það og koma fram við það nánast eins og sína eigin fjölskyldu. Margir starfsmenn sem eru búnir að vera lengi í þessum bransa hafa fjarlægst þennan mannlega þátt og keyra sig áfram á tæknihyggjunni. Tæknin fer á slíkum hraða að hún kemst inn í kerfið og þegar menn eru farnir að reyna að leysa flókin verkefni með leiðum tækninnar, eins og að halda fólki á lífi, þá vakna margs konar aðrar siðferðilegar spurningar. Betra væri að spyrja áður en lagt er í tækniherferðina hvað telja megi siðferðilega réttlætlanlegt.

Hef náð betri tókum á mínum innri manni

Við þurfum endalaust að bæta okkur sem mannverur og gæta þess að vera ekki andlega fjarverandi bæði í starfi og heima fyrir. Starf mitt í Reglunni hefur gert það að verkum að ég hef náð betri tókum á mínum innri manni og öðlast innri ró. Það hefur hjálpað mér, t.d. þegar ég kem sem aðstoðarmaður inn á bráðamóttöku. Ég finn að



Haraldur Haraldsson (Halli) við störf hjá Bráðamóttöku Landspítalans.

ég get komið inn í erfiðar aðstæður án þess að fara á taugum. Get haldið ró minni og talað við alla á staðnum, meðhöndlað það sem gerist og verið samstarfsfólki og sjúklingum góður stuðningur með samtali og nærveru. Í þessu starfi flétta ég saman marga þræði sem ég hef á fyrri stigum lært, unnið með, alls konar reynslu sem lífið hefur fært mér. Samskipti, kærleikur, persónuleg samkennd er það sem ég kann best við í þessu nýja starfi.

Ég er föður mínum og tengdaföður óendanlega þakklátur fyrir að hafa kynnt mig fyrir Frímúrarareglunni

og verið mér innan handar sem meðmælendur. Ég vona að ég nái nýjum markmiðum með þessari ákvörðun minni og ég nái að halda áfram að þroskast og að verða að betri manni.

Arnar Þór Jónsson



Ljósmyndir af heimasíðu forsetaembættisins

Sveinn Björnsson ávarpar mannfjölda á Ísafirði og er íslenski fáninn í aðalhlutverki á svölum byggingarinnar.

Merkur fáni í örugga höfn

Í júní árið 2021 bárust þau tíðindi frá Kaupmannahöfn að uppboðshúsið Bruun Rasmussen væri komið með grip í sína vörslu sem virtist varða sögu Íslands á 20. öld. Þar var á ferðinni nokkuð veðrað eintak af íslenska fánanum í stærðinni 131x188 cm. Það sem gerði gripinn þó einstakan var sú staðreynd að á mjallhvíta krossinn, beint neðan við efri heiðbláa stangarreitinn, hefur Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, ritað nafn sitt, eigin hendi.

Fullyrti uppboðshúsið að um væri að ræða annan tveggja slíkra fána sem vitað væri um og að þá hefði for-

setinn gefið á uppboð til styrktar upp-
gjafarhermönnnum úr síðari heims-
styrjöldinni. Vakti gripurinn nokkra
athygli þá þegar og var undirrituðum

sem formanni Vínafélags Þjóðminja-
safnsins gert viðvart um að til stæði
að selja fánann hæstbjóðanda.

Höfundur fánans

Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, er hugmyndasmiðurinn að baki íslenska þjóðfánanum. Hann var fæddur árið 1877 á Fiskilæk í Melasveit og lést árið 1961 í Reykjavík. Hann gegndi embætti þjóðminjavarðar á árunum 1908-1947. Matthías sat í stjórn Hins íslenska bókmenntafélags á árunum 1912-1961 og gegndi forsetaembætti í því síðustu 15 æviár sín.

Matthías gekk í frímúrarastúkuna Eddu í Reykjavík þann 30. mars árið 1920.



Ljós: Árni Sæberg

Forseti Íslands veitir fána Sveins Björnssonar viðtöku við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Með honum á myndinni eru Stefán E. Stefánsson, formaður Vínafélags Þjóðminjasafnsins, Harpa Þórsdóttir, þjóðminjavörður, starfsmenn Þjóðminjasafnsins, þær Sigríður Þorgeirsdóttir og Ágústa Kristófersdóttir, Óskar Magnússon, stjórnarformaður Eimskipafélagsins og Vilhelm Þorsteinsson, forstjóri þess.



Sveinn Björnsson flytur ávarp á samkomu í Vík í Mýrdal. Tvær ungar stúlkur eru fánaberar.

Styður við safnkostinn

Vínafélag Þjóðminjasafnsins hefur frá stofnun þess 1988 keypt og gefið til stofnunarinnar marga kjörgrípi sem aukið hafa við og bætt safnkost hennar. Fer val á gripum ætíð fram í nánú samráði við sérfræðinga safnsins og þjóðminjavörð. Þegar uppboðið á fánanum stóð fyrir dyrum var kallað eftir álitum þeirra og var það á einn veg. Ef áritunin reyndist réttilega af hendi forsetans væri þarna um dýrgrip að ræða sem ætti heima í þjóðarsafninu.

Var þá allt kapp lagt á að Vínafélagið gæti með góðu móti tekið þátt í uppboðinu og freistað þess að tryggja Þjóðminjasafninu fánann. Óljóst var hvert uppboðsverðið yrði, það er eðli slíkra viðskipta, en til þess að styrkja stöðu félagsins leituðu forsvarsmenn þess til Eimskipafélags Íslands og óskuðu stuðnings við verkefnið í formi fjárstuðnings. Var þeirri beiðni greiðlega tekið og átti fyrirtækið eftir að koma með afgerandi hætti að verkefninu og á annan veg en fjárhagslegan eins og rakið verður síðar í þessari grein.

Ástæða þess að leitað var liðsinnis Eimskipafélagsins var sú staðreynd



Sveinn Björnsson, forseti Íslands, flytur ávarp í opinberri heimsókn á Akranesi. Ræðupúltið sveipað þjóðfána hins nýja lýðveldis. Fyrir miðri mynd er forsetabífreidið en á númeraplötu hennar er fáni forsetaembættisins.

að Sveinn Björnsson var í hópi stofnenda fyrirtækisins og þegar fyrsta stjórn þess tók til starfa í upphafi árs 1914 var hann kjörinn stjórnarformaður þess. Gegndi hann þeirri ábyrgðarstöðu allt til ársins 1920 þegar hann hélt til Kaupmannahafnar og tók við embætti sendiherra Íslands í Danmörku.

Vinafélagið hreppir hnosið

Uppboðsdagurinn rann upp og þegar upp var staðið reyndist Vinafélagið

hlutskarpast í kapphlaupinu um fánann. Voru það góð tíðindi en ljóst að enn væri nokkuð í land með að koma fánanum í sína réttu höfn. Kom þar m.a. til kasta Helgu Hauksdóttur, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, sem vitjaði fánans í uppboðshúsinu og kom honum í vörslu starfsmanna skipafélagsins.

Þaðan lá leið gripsins til Álaborgar en honum var flogið með sjóflugvél frá Kaupmannahöfn og til hafnarborgarinnar á Norður-Jótlendi þar

sem þess var freistað að koma honum í næstu ferð með einu af skipum Eimskipafélagsins. Það tókst og tók Jón Ingi Þórarinnsson, skipherrann á Brúarfossi, einu af glæsilegustu skipum kaupskipaflotans, við fánanum og varðveitti hann í káetu sinni á ferðinni yfir hafið.

Þegar til hafnar var komið í Reykjavík tóku fulltrúar Vinafélagsins við fánanum og komu honum í hendur forvarða Þjóðminjasafnsins sem tóku til við að greina undirskriftina og forverja gripinn svo ekki skapaðist hættu á að hann yrði fyrir skemmdum.

Ferlið allt tók lengri tíma en gert var ráð fyrir en þann 29. nóvember síðastliðinn efndi Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, til samkomu á Bessastöðum þar sem Vinafélagið og Þjóðminjasafnið undirrituðu samning um gjöfina og þá var þar tilkynnt að samkomulag hefði náðst um að fáninn yrði varðveittur á komandi árum á ávarpi sem forseti flutti við þetta til efni kom berlega í ljós að hann álitur fánann dýrgrip sem mikilvægt hafi verið að koma í hendur Þjóðminjasafninu.

Nefnd um fánann skipuð

Fánanefnd var skipuð árið 1913 en henni var ætlað að taka gerð nýs fána fyrir Ísland til rækilegrar ihugunar og kynna sér eftir füngum hvað fullnægja myndi óskum þjóðarinnar. Var nefndinni ætlað að koma með tillögu til stjórnvalda um lögun og lit fánans. Urðu tillögur nefndarinnar tvær. Annars vegar sú sem Matthías Þórðarson hafði lagt fram fyrstur manna á fundi Stúdentafélagsins 1906 og hins vegar fáni, hvítur með heiðbláum krossi og hvítri og blárri rönd utan með beggja vegna.

Í nefnd þessari sátu þeir Guðmundur Björnsson, landlæknir; Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður; Ólafur Björnsson, ritstjóri; Jón J. Aðils, dósent og Þórarinn B. Þorláksson, listmálari. Ólafur var sonur Björns Jónssonar ráðherra og bróðir Sveins Björnssonar. Jón J. Aðils gekk í frímúrarastúkuna Z&F í Kaupmannahöfn árið 1914 og var sjötti í hópi stofnfélaga Eddu árið 1919. Hann lést langt um aldur fram, aðeins fjórum mánuðum eftir að Matthías Þórðarson bættist í bræðrahópinn.



Mikill viðbúnaður við opinbera heimsókn Sveins Björnssonar í Neskaupstað. Þjóðfáninn leikur þar lykilhlutverk.

Meira en hinn sýnilegi munur

Fáni þessi, sem nú er kominn í góðan stað er nokkur ráðgáta enda óvanalegt að þjóðhöfðingjar áriti fána þeirra ríkja sem þeir veita forystu. Hitt ber að hafa í huga að Sveini hefur án nokkurs vafa runnið blóðið til skyldunnar í þeirri viðleitni að styðja með einhverjum hætti við þá menn sem lögðu líf sitt að veði í síðari heimsstyrjöldinni til þess að verja vestræna siðmenningu og framtíð Evrópu. Eflaust hefur hann sömuleiðis ekki haft úr mörgum „gripum“ að spila þegar kom að því að leggja eitthvað af mörkum í uppboði því sem fáninn rataði á.

Þá ber einnig að hafa í huga að fáni hins nýstofnaða íslenska lýðveldis var nær öllum Íslendingum mjög hugleikinn. Hann varð ekki til í tómarúmi og raunar er tilurðarsaga hans nokkuð merkileg. Ekki var sjálfsagt að fáni Íslands yrði sá sem hann á endanum varð, þ.e. hinn tvílitli kross á bláum grunni. Lengi vel stefndi í að hugmynd Einars Benediktssonar, um hinn hvítbláa fána (sem í dag er fáni UMFÍ) yrði fyrir valinu. Voru raunar hugmyndir um að taka þann fána upp sem opinberan fána Íslands allt fram að lýðveldisstofnun.

Sveinn hefur án nokkurs vafa verið í hópi þeirra er miklar skoðanir höfðu á fánamálum landsins. Umræða um sérfána fyrir Ísland komst raunar á fullan skrið á fyrstu tveimur áratugum 20. aldar þegar Sveinn var að stíga sín fyrstu skref í lögmennsku, stjórn-málum, fyrirtækjarekstri og félagsstarfi á vettvangi dönsku Frímúrara-reglunnar og Rauða krossins, svo dæmi séu tekin. Faðir hans, Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, var annar ráðherra Íslands og gætti nokkurrar togstreitu í samskiptum Íslendinga og Dana á þeim árum vegna umræðunnar um mögulegt fullveldi en einnig um leið vegna hugmyndarinnar um sér-fána fyrir Ísland.

Fyrsta verk hins nýja forseta Íslands

Það var svo árið 1913 sem Kristján konungur tíundi gaf út úrskurð þess efnis að Ísland skyldi eignast sérfána sem nota mætti á Íslandi og í íslenskri landhelgi. Var sérstakri fánanefnd komið á laggirnar sem vann hratt og vel og skilaði tveimur tillögum að útliti hans. Varð ekkert úr að þær yrðu samþykktar og velktist málið áfram um í stjórnkerfinu. Það var hins vegar 19. júní 1915 sem nýr konungsúrskurður var gefinn út, með vísan til

þess fyrri, og var þá tilgreint að fáni landsins skyldi vera „Heiðblár (ultramarineblár) með hvítum krossi og hárauðum krossi innan í hvíta krossinum.“ Var þar stuðst við tillögu þá sem Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, hafði kynnt á fundi hjá Stúdentafélagi Reykjavíkur árið 1906. Var frá upphafi gengið út frá því að litirnir táknuðu fjallablámann, ísinn og eldinn.

Á árunum 1940-1941 var Sveinn Björnsson ráðunautur ríkisstjórnar Íslands í utanríkismálum. Samhliða þeim störfum samdi hann lagafrumvarp er varðaði notkunarreglur fánans. Varð ekkert af samþykkt þess fyrir en með talsverðum breytingum þann 15. júní 1944, rétt í aðdraganda lýðveldisstofnunar. Tveimur dögum síðar var Sveinn kjörinn forseti hins nýja lýðveldis og hans fyrsta verk, í rigningsuddanum á Þingvöllum, var að skunda í gamla konungsbústaðinn, sem síðar brann með hræðilegum afleiðingum 1970, og staðfesta þar fyrstu lög lýðveldisins Íslands (nr. 34/1944) um þjóðfána landsins.

Stefán Einar Stefánsson

pípu **lakk** Allt frá hatti oní skó



Hattar

Treflar



Kjólsskyrtur



Hátiðavesti (5 hnappa)



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara

Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir



Erma- og brjósthnappa



Ermahnappar



Ermahnappar

Smeygur



Lindaklemma/
bindisnæla



Lakkskór (ný tegund)



Ávarp SMR, Kristjáns Þórðarsonar

Kæru bræður.

Við skulum þakka og gleðjast yfir því að Covidfaraldurinn er að mestu genginn yfir héraðs og við getum að nýju haldið okkar striki og fundað eftir starfsskrá Reglunnar. Við skulum þó hafa varann á, þar sem Covidveiran, afbrigði hennar, eða jafnvel ný veirutegund getur skotið upp kollinum og klekkt á okkur mönnunum þegar síst varir. Það er því nauðsynlegt áfram að passa vel upp á hreinlætið og aðrar sóttvarnir.

Frímúrarareglan á Íslandi stendur föstum fótum. Þrátt fyrir 2ja ára faraldurstímabil þar sem mest allt starf lá niðri, hefur bræðrum í Reglunni fjölgað eitthvað, og andinn er almennt góður og Reglan stendur fjárhagslega vel. Við megum þó ekki gleyma þeim bræðrum sem gengu í Regluna rétt fyrir faraldurinn og á meðan á honum stóð, að þeim þarf að hlúa og fá þá til að starfa innan Reglunnar.

Regluhátíðin var haldin 14. janúar 2023 og eins og áður var erlendum leiðtogum reglna boðið til þessarar hátíðar með okkur. Alls komu 34 gestir, að meðtöldum mökum bræðra. Það er okkur ætíð tilhlökkunar efni að gleðjast saman með gestum okkar sem hafa fundið tíma til að sækja Regluhátíðina heim. Tveir erlendir bræður voru gerðir að heiðursfélögum, „Pro Grand Master“ eða Hersir Stórmeistara „United Grand Lodge of England“, br. Jonathan Spence og „Weisester Ordens Meister“, Vitrasti



Ljós. Guðmundur Viðarsson


Kristján Þórðarson SMR.

Meistari Reglunnar: „Grosse Landesloge der Freimaurer von Deutschland – Höchste Ordenskapitel – (under VGL-vD), br. Uwe Matthes. Tveir bræður voru sæmdir heiðursmerki Reglunnar, br. Sigmundur Örn Arngrímsson og br. Egill Rúnar Friðleifsson. Aðsókn að Regluhátíðinni var mjög mikil, uppselt var á bróðurmál-tíðina en til viðbótar kom engu að síður nokkur fjöldi bræðra á sjálfan fundinn, eða samtals 452 bræður. Hafið allir þakkir fyrir.

Mikil viðhaldsvinna hefur átt sér stað í Regluheimilinu og mun hún halda áfram á komandi árum. Talsverðar raka-skemmdir hafa komið í ljós í húsinu, sem þarf að lagfæra og munu framkvæmdir hefjast í vor.

Bræður mínir, ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs og farsæls komandi árs.

Kristján Þórðarson SMR



The Constitutions of the Free Masons.

Skemmtilegt ár framundan hjá Snorra

Á næsta ári, 2023, verða liðin 300 ár frá því að fyrsta Grundvallarskipan frímúrara var gefin út í Bretlandi og af því tilefni efnir enska rannsóknarstúkan Quatuor Coronati til þriggja daga ráðstefnu í Cambridge og verður hún haldin 22. til 24. september. Sjá nánar: www.quatuorcoronati.com & www.1723constitutions.com

Upphaf reglubundinnar frímúrarastarfsemi er gjarnan miðað við fund sem haldinn var í London vorið 1717 þegar fjórar frímúrara-stúkur í London og Westminster sameinuðust og stofnuðu Stórstúku (Grand Lodge). Nokkru síðar fól Stórmeistari stúkunnar skoska prestinum og frímúrarabróðurnum Dr. James Anderson að skrifa fyrstu Grundvallarskipan frímúrara, *The Constitutions of the Free Masons*. Var hún gefin út í London árið 1723. Í fyrri hluta bókarinnar er saga frímúrara rakin frá upphafi mannkyns en í síðari hlutanum eru tíundaðar hinar fornu skyldur múrara á miðöld-

um og almennar starfsreglur Stórstúkunnar sem Stórmeistarinn hafði tekið saman árið 1720. Fimmtán árum síðar, 1738, gaf Anderson Grundvallarskipanina út aftur endurskoðaða og með viðbótum, *The New Book of Constitutions of the Ancient and Honourable Fraternity of Free and Accepted Masons*. Hún hefur meðal annars að geyma viðbótarefni með frásögn af stofnun Stórstúkunnar og er hún eina frumheimildin um þann merka atburð.

Einn ellefu systkina

Margt er á huldu um ævi James Anderson. Sennilega var hann fæddur í Aberdeen árið 1679 og ólst þar upp. Hann var einn ellefu systkina sem flest dóu ung. Faðir hans, James Anderson eldri, var glerskurðarmeistari og frímúrari í stúkunni Lodge of Aberdeen um áratuga bil. Ekki er vit að hvort James yngri gekk í þá stúku en hann var hins vegar orðinn frímúrari í London áður en Stórstúkan var stofnuð. James Anderson lauk meist-

aranámi í hugvísindum en hóf þá guðfræðinám sem hann lauk fjórum árum síðar, árið 1702. Síðar hlaut hann doktorsgráðu. Sennilegt er talið að Anderson hafi prédikað í Aberdeen og nágrenni fyrstu árin eftir að hann lauk prófi en hafi ekki fengið formlega vígslu sem prestur. Árið 1709 kemur hann síðan fram sem prestur í öldungakirkju í London, mótmælendakirkju sem talið er að hann hafi stofnað eða átt þátt í að stofna. Í ræðum Andersons sem gefnar voru út sést að hann hefur verið frjálslyndur og umburðarlyndur í trúmálum. James Anderson kvæntist í London og eignaðist tvö börn. Fyrir utan prestsstörfín varð Anderson nokkuð þekktur sem fræðimaður í fornfræðum og ættfræði og gaf m.a. út ritið: *Konungleg ættfræði, ættartöflur keisara, konunga og prinsna frá Adam til vorra tíma*.

Harðlega gagnrýndur

Þrátt fyrir að flestir fræðimenn úr röðum frímúrara nú til dags séu sam-




Dr. James Anderson.

mála því að Dr. James Anderson hafi gegnt lykilhlutverki við skipulagningu og samræmingu á starfsemi frímúrara í Englandi í byrjun 18. aldar hafa verk hans og starfsaðferðir verið harðlega gagnrýnd. Sú gagnrýni beinist einkum að því að Anderson, líkt og aðrir sagnaritarar þess tíma, gerir ekki alltaf greinarmun á raunverulegri sagnfræði og arfsögnum eða þjóðsögnum.

Nánar má lesa um Dr. James Anderson og verk hans í greinum Jóhanns Heiðars Jóhannssonar í *Frímúrararannum* 2. tbl. 11. árg. 2015, „Dr. James Anderson – Hvers vegna var hann valinn til starfars?“, 1. tbl. 12. árg. 2016, „Stofnun og fyrstu ár stórstúkunnar í London og Westminster.“ og 2. tbl. 13. árg. 2017, „Var Stórstúkan í London raunverulega stofnuð árið 1717?“ Sjá einnig grein Ólafs G. Sigurðssonar í *Frímúrararannum* 2. tbl. 13. árg. 2017, „Höfðingleg gjöf Indriða Pálssonar fv. SMR: Grundvallarlög enskra frímúrara.“

Vikuferð um Skotland og England

Embættismenn Rannsóknarstúkunnar Snorra munu taka þátt í ráðstefnu Quatuor Coronati í Cambridge haustið 2023. Í tengslum við ráðstefnuna mun stúkan gangast fyrir vikuféð um Skotland og England með bræðrum og systur. Gert er ráð fyrir að flogið verði til Edinborgar, gist þar í þrjár nætur en þá verði haldið til York og gist þar í tvær nætur. Síðan



Enska rannsóknarstúkan Quatuor Coronati var stofnuð árið 1886

verði farið á ráðstefnuna í Cambridge þar sem gistinætur eru tvær en að henni lokinni verði flogið heim frá London. Nánari tilhögun, dagskrá og verð verður auglýst síðar.

Starfsemi Rannsóknarstúkunnar Snorra árið 2023 mun því að ýmsu leyti draga dóm af þrjúhundruð ára afmæli útgáfu fyrstu Grundvallarskipunar frímúrara eftir Dr. James Anderson. Embættismenn stúkunnar munu taka þátt í erindaflutningi og pallborðsumræðum á ráðstefnunni í Cambridge og efni þessu tengt mun verða í erindum á fundum Snorra á næsta ári. Á fundi Snorra þann 20.

febrúar næstkomandi mun br. Bergur Jónsson fjalla um fyrrum Stórmeistara dönsku Reglunnar, Frode Rydgaard og þá áherslu sem hann lagði á Grundvallarskipun Andersons á stofnfundi Frímúrarareglunnar á Íslandi þann 23. júlí 1951.

*Símon Jón Jóhannsson
Vm St. Jóh. rannsóknarstúkunnar Snorra*



MARPORT

MARPORT

MARPORT.COM

 ICELAND

 USA

 SPAIN

 NORWAY

 FRANCE

 SOUTH AFRICA

 UK



Núverandi og fyrrverandi Stólmeistarar stilltu sér upp ásamt R&K og erlendum gestum.

Ljós. Jón Svavarsson

St. Andr.stúkan Hlín 30 ára

Laugardaginn 12. nóvember sl. var haldin H&V stúka í hátíðarsal Regluheimilisins í Reykjavík í tilefni af 30 ára afmæli St. Andr.st. Hlínar. Mæting bræðra fór fram úr mínum björtustu vonum, en alls mætti 121 bróðir. Að færa fundinn upp í hátíðarsal gerði hann enn eftirminnilegri. Þökk sé þeim bræðrum sem komu að þeirri vinnu, Sm. stúkunnar og Sm. Landsstúku sem og öðrum bræðrum.

„Reisum musterio“ eru einkunnarorð St. Andrésarstúkunnar Hlínar sem allir Hlínarbræður þekkja. Það var hinn 14. nóvember árið 1992 sem stúkan var stofnuð og voru stofnfélagar 81 talsins. Á árunum eftir að Frímúrarareglan á Íslandi varð sjálfstæð 1951 fjölgaði mjög bræðrum í Reglunni og var svo komið að biðin var orðin löng eftir frömun á IV/V° og VI° og ef við horfum hingað til Reykjavíkur, þá voru fundardagar hjá Helgafelli orðnir margir í viku hverri.

Við getum rétt ímyndað okkur álagið sem var á embættismönnum Helgafells á þessum árum. Það eitt kallaði á nýja St. Andr.stúku og hafði þá um skeið verið til umræðu að stofna nýja slíka.

Undirbúningur að stúkustofnun hófst 1990

Stórmeistari Reglunnar, Indriði Páls-son, fól haustið 1990 br. Jóhannesi H. Proppé, sem var Vm. í Helgafelli, að vinna að stofnun stúkunnar. Sú vinna

hófst þá af fullum krafti. Þegar litið er til baka getur maður ekki annað en dáðst að br. Jóhannesi og skín það í gegn að hann ætlaði sér að stofna St. Andr.stúku. Hann taldi að ekki þyrfti langan undirbúning. Hlín og Helgafell myndu deila með sér fundaraðstöðu



Fjölmenni var við borðhaldið.

Ljós. Jón Svavarsson



Bræður stilltu sér upp eftir borðhald ásamt nýjum Stólmeistara Hlínar.

Ljós. Jón Svavarsson

og það sama má segja með aðstöðu embættismanna.

Hugmyndin var að hafa tvo fundardaga aðra vikuna og einn í þeirri næstu. Fyrsta starfsárið yrðu líklega bara fundir á IV/V° til frömunar bræðrum, en nauðsynlegt að

horfa til framtíðar og hafa tvo fundi á viku sem mundi skiptast á milli IV/V° og VI°. Kortleggja þyrfti fjölda embættismanna, þ.e. aðal- sem og vara-embættismanna. Áætlað var að um 50 bræður þyrftu að koma að því, fjölmennastir yrðu Sm.

Fallegur skjöldur var hannaður og útbúinn. Aðalembættismenn stúkunnar unnu að gerð hans. Háttupplýstur bróðir Stefán Snæbjörnsson, Skjaldavörður Reglunnar, teiknaði skjöldinn.

Enn fremur þyrfti að hanna og út-



Frá vinstri: Guðmundur Auðunsson Sm, Atli Vilhjálmsson 1VL, Hjálmar Björgvinsson Stm, Guðmundur Pétur Pálsson 2vY.Stv.

Falleg vísa

Við stofnun stúkunnar fékk stúkan sent frá einum velunnara hennar, fallega vísu. Þessi vísa hefur verið flutt á fimm ára fresti og var það einnig gert nú, okkur öllum til uppörvunar:

Ævi manns er eintóm leit
yfir dýrðarljóminn.
Í vináttunnar vermireit
vaxa fegurst blómin.

Bið ég Guð að blessa störf
svo bræður njóta megi.
Og öllu lífi er ljósið þörf
í leit á þroskavegi.



Ljós. Jón Svavarsson

Rene Jensen, Stm. elstu Andrésarstúku Danmerkur og vinarstúku Hlínar, Fredrici Septimi, afhendir Stm. Hlínar, Jóni Ásgeiri Eyjólfsyni, gjöf.

búa öll einkenni embættismanna, athuga hvaða tækjakosts þyrfti að afla og hvað mætti nota af því, sem til var. Allt var gert með góðu samkomulagi við þáverandi Stólmeistara St. Andr.st. Helgafells, Háttupplýstan bróður, Einar Einarsson.

Tengiliðir við Stúkuráð voru hæst-
uppl. R&K rk., Einar Birnir, Stallari
Reglunnar og hæstuppl. R&K rk.,
Merkisberi Reglunnar, Sveinn Finns-
son. Öll þeirra vinna og ráðleggingar
voru ómetanleg og reyndust þeir
stúkunni hinir mestu hollvinir. Margir

aðrir komu að þessari stofnun, sem of langt mál væri að telja upp. En meðal þeirra voru hæstuppl. R&K rk., Hersir Stórmeistarans, Karl Guðmundsson, uppl. br. Ásgeir Ásgeirsson, Einkennavörður Reglunnar, og eins og áður var nefnt háttuppl. bróðir Einar Einarsson, fyrrverandi Stólmeistari St. Andr.st. Helgafells og fyrrverandi Stórmeistari Reglunnar, Indriði Pálsson, sem var frumkvöðull að þessu öllu.

Stofnfundurinn 14. nóvember 1992

Stofnun stúkunnar fór fram á 1. stigi í Hátíðarsal Reglunnar 14. nóvember 1992. 343 bræður af öllum stigum voru viðstaddir athöfnina. HSM hæstuppl. br. Karl Guðmundsson R&K rk. setti fundinn en síðan tók Stórmeistari Reglunnar, Indriði Pálsson, við stjórninni. Aðalverkefni þessa fundar og í raun eina verkefnið var að stofna og vígja til starfa nýja St. Andr.stúku sem átti að starfa hér í Reykjavík og jafnframt fyrsta St. Andr.stúkan, sem stofnuð er undir íslenski stjórn, því báðar St. Andr.stúkurnar sem fyrir voru, Helgafell í Reykjavík og Huld á Akureyri, voru stofnaðar á þeim tíma sem Frímúrarareglan á Íslandi var undir stjórn Frímúrarreglunnar í Danmörku.

Vígsluvottar voru þáverandi Stólmeistarar St. Andrésarstúknanna Helgafells og Huldar, háttupplýstir bræður, Einar Einarsson og Magnús Björnsson. Aðal- og varaembættismenn í dag eru 63 og eru skráðir Hlínarbræður 541.

Þakkir

Ég vil þakka öllum þeim listamönnum sem voru með atriði á 30 ára afmælisfundinum og einnig þeim sem töluðu til okkar, bæði á fundinum sjálfum og eins við borðhaldið.

Þrír fulltrúar erlendra stúkna glöddu okkur með nærveru sinni, frá Grikklandi, Vangelis Evan Gyro 33°, frá Noregi, Guðmundur Jónsson, Vm. Oscar t.d.fl. Stjerne og frá Danmörku, Rene Jensen, Stm. Cubus Frederici Septimi

*Hjálmar Björgvinsson,
Stólmeistari Hlínar*

Fyrstu embættismenn St. Andr.st. Hlínar

Stólmeistari	Jóhannes H. Proppé
1. Varamleistari	Baldur Friðriksson
2. Varamleistari	Magni S. Sigurhansson
3. Varamleistari	Helgi Ívarsson
Eldri stólvörður	Þorsteinn Þorsteinsson
Yngri stólvörður	Bogi Magnússon
Ræðumeistari	Vigfús Þór Árnason
Síðameistari	Pétur A. Maack
Ritari	Sævar Fr. Sveinsson
Féhirðir	Ívar Þ. Björnsson
Leiðtogi	Ragnar Guðmundsson
Eldri stúart	Gunnlaugur G. Einarsson
Yngri stúart	Þór Snorrason
Söngstjóri	Jónas Þórir Þórisson

Þessir 14 bræður eru taldir stofnendur stúkunnar, en stofnfélagar voru 67, eða samtals 81 frímúrari sem voru fyrstu meðlimirnir.

Fjölbreyttar lausnir fyrir hús & nýbyggingar



Einingahús CLT
krosslímt tré



Gluggar & hurðir



Límtré



Yleiningar

Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum,
snýst um þig okkar viðskiptavin



Z Strúktúrhús



Utanhússklæðningar



Stálgrindarhús



Dúkar & þéttiborðar

Við erum alltaf
klár í spjallið

Hafðu samband við okkur



Fyrirhyggja í lífeyrismálum

Rannsóknir hafa sýnt að flest fólk leiðir ekki hugann að lífeyrismálum fyrr en það nálgast lífeyristökualdur. Það er óheppilegt. Fyrirhyggja er mikilvæg í lífeyrismálum. Því fyrr sem ákvörðun er tekin um tilhögun lífeyrissparnaðar, þeim mun betri getur staðan verið þegar kemur að töku lífeyris.

Snemma á starfsævinni eru einkum tvö atriði í lífeyrissparnaði sem mikilvægt er að greina og taka afstöðu til:

- Ráðstöfun iðgjalda sem flokkast sem tilgreind séreign.

- Greiðsla iðgjalda í frjálsa séreign.

Þegar nær dregur lífeyristöku-aldri þarf síðan aftur að greina og taka afstöðu til ráðstöfunar þessa lífeyrissparnaðar.

Tilgreind séreign

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í janúar 2016 var mótframlag launagreiðenda hækkað í áföngum um 3,5% og því hækkaði heildariðgjald úr 12% í 15,5%. Launþeganum er heimilt að velja um ráðstöfun þessarar viðbótar.

Launþeginn getur ákveðið að láta hana renna í samtryggingu til að auka

lífeyrisréttindi – ævilangan ellilífeyri, örorkulífeyri, maka- og barnalífeyri – eða í svonefnda tilgreinda séreign sem felur ekki í sér tryggingavernd en unnt er að taka hana út í áföngum frá 62 ára aldri eða geyma til síðari tíma – og innstæðan getur runnið til erfingja.

Þetta er ákvörðun sem getur skipt miklu máli fyrir einstaklinginn. Hvernig á að stýra þessum iðgjöldum?

Reyndur sérfræðingur í lífeyrismálum sagði í blaðaviðtali um þetta:

„Það verður hver og einn að meta fyrir sig. Til dæmis gæti verið mun vænlegra fyrir ungt fólk með ung börn að ráðstafa hækkuninni í samtryggingu vegna þeirra tryggingaréttinda sem þá ávinnast, en skipta svo yfir í tilgreinda séreign síðar á ævinni, t.d. við 40-50 ára aldur. Aðalatriði er að aðstæður eru mismunandi og það er fyllilega þess virði fyrir hvern og einn að veita þessu umhugsun og íhugun.“

Frjáls séreign


Hér er ákvörðunin miklu einfaldari. Það borgar sig að greiða iðgjald í séreign, því að þá fæst mótframlag frá

launagreiðanda og það er í reynd hrein launahækkun. Launþeginn greiðir 2-4% iðgjald og þá greiðir launagreiðandinn 2% mótframlag. Nú er heimilt að nota séreignina skattfrjálst til að greiða niður húsnæðislán við kaup á fyrstu fasteign. Séreign er annars laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri – virkar eins og bankabók sem má taka út af að vild. Hafi inneignin ekki verið tekin út fyrir andlát erfist hún.

Frjálsa séreignin var í upphafi hugsuð til að veita eldri borgurum svigrúm í lok starfsævinnar. Þeir gætu dregið úr vinnu og tekið út séreign til að halda óbreyttum tekjum eða tekið út fé eftir starfslok til að njóta lífsins, ferðast, kaupa bát eða bíl eða gleðja sig með öðrum hætti. Ef engin slík skref væru stigin gæti féð runnið til afkomenda sem arfur.

Þessi sparnaðarleið er einhver sú hagkvæmasta sem launafólki býðst og því ætti ákvörðunin að vera einföld. Því fyrr sem byrjað er að greiða í frjálsan séreignarsparnað, því betra.

Stefán Halldórsson



Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Ertu með allt
á hreinu?



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorg.is • Sími: 553 1380



HÓTEL REYKJAVÍK GRAND FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU- OG FUNDARAÐSTAÐA

Okkar markmið er að þinn fundur
eða viðburður gangi eins vel fyrir sig
og framast er kostur. Við bjóðum upp á
11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi
námskeiðahald, sýningar og margt fleira.

HÁTEIGUR ·



· 27 M² BREIÐTJALD

· BJARTUR · GLÆSILEGUR · STÍLHREINN ·



HÓTEL
REYKJAVÍK
GRAND

KYNNIÐ YKKUR MÁLIÐ

islandshotel.is/fundir | fundir@islandshotel.is



Einstaklega vel heppnuð kynning á starfsemi Frímúrarareglunnar

Sunnudaginn 20. nóvember sl. stóðu Fræðaráð og Erindreki í samstarfi við Stólmeistara St. Jóh.stúknanna í Reykjavík fyrir fjölmennum kynningarfundi í Regluheimilinu um Frímúrararegluna og starfsemi hennar. Bræður buðu þar til kynningar mönnum sem þeir telja að gætu átt heima í Frímúrarareglunni, ásamt mökum þeirra eða sambúðarmökum.

Á fundinum voru flutt sjö stutt erindi sem tóku alls um 60 mínútur í flutningi. Oddviti Fræðaráðs, br. Guðmundur Kr. Tómasson og Erindreki Reglunnar, br. Eiríkur Finnur Greipsson, ræddu um innihald og boðskap frímúrarastarfsins, starfsemi Reglunnar í nútímasamfélagi, um sögu starfsins, skipulag þess og stuðning við góð málefni.

Stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Mímis fór yfir helstu þætti í reglubundnu starfi Jóhannesarstúkna og félagsstarfi bræðra og systra. Stólmeistari St. Jóh.st. Glitnis, br. Vilhjálmur Skúlason, fór yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga í tengslum við ósk um félagsaðild, upplýsti um inntöku-, og árgjöld og ýmis hagnýt atriði sem tengjast umsóknarferlinu. Bróðir Guðbjörn Jóhann Kjartansson úr stúkunni Mími greindi frá upplifun sinni af stúkustarfinu og Sólveig Sigurbórsdóttir, systir úr St. Jóh.st. Glitni, lýsti sinni sýn á stúkustarfið frá sjónarhóli maka og fjölskyldu.

Jákvæð upplifun í hópi gesta

Alls mættu rúmlega 240 manns á fundinn. Var það samdóma álit bræðra og gesta þeirra að afar vel hafi tekist til, bæði hvað varðar umgjörð og fræðslu. Innihald erindanna ásamt heildstæðu yfirliti framkallaði mjög jákvæða upplifun í hópi gestanna. Enda komu í framhaldi margar áhugaverðar spurningar sem leitast var við að svara með fullnægjandi hætti. Gestum var boðið upp á kaffi, te og kleinur og síðan gengu bræður um Regluheimilið með gesti sína og skoðuðu m.a. skjaldamerkja- og hátíðarsal Reglunnar og heimsóttu minjasafnið.



Ljós. Sigurður Júlíusson

Fjölmennnt var á kynningarfundum um Frímúrararegluna.

Annar fundur í Hafnarfirði

Sambærilegur kynningarfundur var haldinn í stúkuhúsinu í Hafnarfirði sunnudaginn 6. nóvember sl. og tókst hann einnig afar vel. Á þá kynningu mættu rúmlega 60 gestir. Fyrirkomulag og framkvæmd var með sambærilegum hætti og í Reykjavík. Oddviti Fræðaráðs og Erindreki fluttu stutt erindi. Stm. Njarðar, br. Ásgeir Magnússon, gerði grein fyrir helstu þáttum í reglubundnu starfi Jóhannesarstúkna og Stm. Hamars, br. Friðgeir Magni Baldursson, ræddi um þær kröfur sem gerðar eru til inn-sækjenda og fór yfir ýmiss hagnýt atriði sem tengjast ósk um félagsaðild. Bróðir Guðmundur Lúther Loftsson, úr stúkunni Hamri, og systir Hanna Hilmarsdóttir gerðu grein fyrir upplifun sinni af stúkustarfinu og áhrifum frímúrarastarfsins á maka og fjölskyldu.

Sambærilegir kynningarfundir fyrirhugaðir víðar

Fræðaráð og Erindreki áforma að fylgja þessu eftir og halda sambærilega kynningarfundi í stúkuhúsum utan Reykjavíkur á næstu misserum eftir því sem Stólmeistarar stúkna utan Reykjavíkur telja þörf á. Fundirnir verða auglýstir á heimasíðu

Reglunnar með góðum fyrirvara. Vert er jafnframt að benda áhugasömum bræðrum og væntanlegum inn-sækjendum á að heimasíða Reglunnar er nýuppfærð og hefur opinn hluti hennar að geyma hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem vilja leita sér upplýsinga um frímúrarastarfið.

Kynningarfundir haldnir á Patreksfirði og í Stykkishólmi

Þess má geta að áður en framangreindar kynningar voru haldnar í Hafnarfirði og Reykjavík höfðu tveir kynningarfundir farið fram á landsbyggðinni; annars vegar á Patreksfirði og hins vegar í Stykkishólmi, undir stjórn Erindreka Reglunnar, br. Eiríks Finns Greipssonar í samstarfi við Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Njálu, br. Marinó Kristinn Hákonarson og br. Magnús Ólaf Hansson br. í Akri auk heimamanna á báðum stöðum.

Fyrirmynd framangreindra funda hvað varðar uppbyggingu og framkvæmd er sótt til dönsku, norsku og sænsku Frímúrarareglunnar, en þær hafa haldið slíka fundi um skeið bæði í Regluheimilum sínum og stúkuhúsum innan hvers Regluumdæmis.

Frímúrarastarf á erlendri grund – Óskar Finnbjörnsson



Síðameistaragengið úr Eddu á samnorrænum fundi í Stokkhólmi 2015. Frá v.: Óskar Finnbjörnsson, Hlynur Þór Hjaltason, Kjartan Sverrisson, Haraldur Eyvinds Þrastarson, Vilhjálmur Hreinsson og Jón Andri Sigurðarson.

„Styrkurinn í starfinu snýst fyrst og fremst um vináttuna“

Óskar Finnbjörnsson hefur frá upphafi frímúravegferðar sinnar tekið ötulán þátt í starfinu og fengið mikla ánægju af því að gegna embættum innan Reglunnar. Árið 2009 dró starf hans sem hugbúnaðarráðgjafi hann í sífellt auknum mæli til Stokkhólms, og starfaði hann á milli landa í fimm ár þar til hann flutti alfarið þangað með fjölskyldu sinni árið 2014. Honum var strax afskaplega vel tekið hjá bræðrum okkar í Stokkhólmi, og starfar nú sem annar Sm. sænsku Landsstúkunnar.

Óskar gekk í St. Jóh.st. Eddu í október árið 2007. Meðmælendur hans voru afar hans, þeir Óskar Jóhannsson og Finnbjörn Þorvaldsson, báðir Eddubræður, en þeir höfðu samanlagðan starfsaldur upp á 107 ár þegar þeir fylgdu Óskari fyrstu skref hans inn í Reglu-starfið.

Eins og oft vill verða mynduðust strax sterk vinabönd milli Óskars og nokkurra þeirra bræðra sem gengu inn í Eddu á sama tíma og hann.

„Vinur minn Ragnar Hilmarsson gekk í Regluna 2 vikum á eftir mér og í vikunni á milli gekk inn br. Kristján Pétursson. Við þrír höfum haldið mjög góðu sambandi allar götur síðan, og hittumst enn reglulega þó að ég hafi nú búið í Svíþjóð í tæp 9 ár.“

Óskar þekkir vel hvað embættisstörf innan Reglunnar geta verið gefandi.

„Ég var það heppinn að ég fékk að vera með í Síðameistara-genginu í Eddu strax frá byrjun, fyrst sem aðstoðarmaður en síðar sem a.Sm. Þar myndaðist alveg einstakur hópur sem í dag er enn í miklu sambandi, til dæmis hittumst við árlega í Helsingborg og spilum golf saman, og í ár fór

hluti af hópnum með mökum til Austurríkis á skíði saman. Þessi hópur bræðra er mér mjög dýrmætur og það er alveg frábært hversu miklu sambandi við höfum haldið þrátt fyrir að ég búi erlendis. Þegar ég fór svo að ferðast meira út af vinnu flutti ég mig yfir í a.R hjá Eddu og var mjög glaður að fá að starfa áfram í stúkunni þrátt fyrir miklar fjarvistir.“

Eftir mikið flakk landa á milli, flutti Óskar alfarið til Stokkhólms með fjölskyldu sinni árið 2013. En í millitíðinni hafði hann þegar sótt fundi í Stokkhólmi.

„Ég hafði heimsótt St. Jóh.stúkuna Den Nordiska Första, sem er elsta St. Jóh.st. í sænska kerfinu, nokkrum sinnum á árunum 2010-2013 og þar var tekið mjög vel á móti mér, svo að þegar við ákváðum að flytja alfarið til Stokkhólms lá beinast við að flytja sig úr íslensku Frímúrarareglunni í þá sænsku.“



Föðurafinn Finnbjörn Þorvaldsson, Óskar og móðurafinn Óskar Jóhannsson í eldribræðrakaffi Eddu 2012.

Óskar segir að ein af mikilvægustu ástæðunum fyrir flutningnum hafi verið sú að með formlegum flutningi í sænsku Regluna gæti hann tekið að sér embættisstörf, sem hann telur af fenginni reynslu langbestu leiðina til að kynnast bræðrunum vel.

„Flutningurinn var örlítið flókinn í framkvæmd því á Íslandi erum við skráðir í St. Jóh.stúkuna okkar í félagatalinu, en í Svíþjóð erum við skráðir í þá stúku sem við tilheyrum á þeirri gráðu sem erum á. Ég var á VII^o þegar ég flutti, svo það þurfi að flytja mig úr Eddu í Provinsial stúkuna Svea í Stokkhólmi. Og þar sem ekki er hægt að flytja úr St. Jóh.stúku í Kapitulastúku, var ég á endanum fluttur úr Eddu í St. Jóh.stúkuna Den Nordiska Första, úr St. Andr.stúkunni Helgafelli í St. Andr.stúkuna Nordiska Cirkeln og loks úr Landsstúkunni á Íslandi í Svea.“

Og það er ekki hægt að segja annað en að starfið hafi hafist með hveli.



Valur Valsson, fyrrum SMR, og móðurafi, Óskar Jóhannsson, á Stórhátíð sænsku Frímúrarareglunnar í Stokkhólmi í mars 2017.



Siðameistarar Sænsku Landsstúkunnar: Robin Engstrand, Rikard Bergström og Óskar.

„Þegar allt var orðið löglegt hafði ég samband við Stm. Den Nordiska Första og spurði hvort það væri einhver sýns á að fá embætti hjá þeim, því að mig langaði að starfa og um leið kynna bræðrunum. Hann spurði mig hvað ég hefði starfað á Íslandi, og þegar ég sagði honum að ég hefði verið í Siðameistaragenginu í Eddu, spurði hann mig hvort ég vildi verða Siðameistari hjá þeim. Ég skildi hann þannig að ég mundi vera einn af aðstoðar Siðameisturum svo ég sagði já, endilega. Ég fékk því smá áfall þegar hann sagði mér nokkrum vikum seinna að hann væri að meina að ég kæmi inn sem Aðalsiðameistari. Stúkunnar. Þáverandi Siðameistari var búinn að starfa of lengi og þeir sem höfðu verið næstir inn höfðu ekki tök á því, annar vegna sjúkdóms og hinn vegna nýrrar stöðu í ytri heimi.“

Óskar bjó að því að hafa fengið góð ráð strax í upphafi ferðalags síns, og það nýttist honum vel þegar á hólminn var komið.

„Áfi sagði við mig að hann hefði alltaf haft það að reglu að ef Reglan bað um eitthvað og hann átti nokkurn möguleika á að verða við því, þá sagði



Skjöldur Den Nordiska Första.

hann já. Og ég hef haft sömu reglu á minni frímúraravegferð. Svo ég sagði hikandi „Já“ og því sé ég ekki eftir. Ég starfaði reyndar bara í eitt ár sem Siðameistari til að brúa bilið þar til næsti var kominn á rétta gráðu til að taka við. En þetta ár var mjög lærðómsríkt og ég kynntist mörgum bræðrum þar sem eru góðir vinir mínir enn í dag.“

Og áfram hélt vegferðin:

„Eftir þetta ár sem Siðameistari

flutti ég mig um set og gegndi embætti v.E.stv. í tvö ár.

Einn af þeim bræðrum sem ég kynntist fyrsta árið mitt er núverandi Stórsiðameistari sænsku Reglunnar og þegar hann tók við því embætti í júlí árið 2018, bauð hann mér að vera í Sm.-genginu í Sænsku Landsstúkunni. Sænska Landsstúkan er frábrugðin þeirri íslensku að því leyti að hún starfar ekki á gráðu VII-X. Hún er eingöngu skipuð R&K, og er með 5 samkomur á ári, tvær R&K samkomur, Stórhátíð Reglunnar, Minningarhátíð fyrir látna R&K, og svo fund á VIII° sem er að mér vitandi ekki í neinu af hinum Norðurlöndunum.“

Það verður sennilega seint ofmetið hversu mikið er hægt að læra á því að taka þátt í skipulegu félagsstarfi. Óskar hefur ekki farið varhluta af því, því verkefnið eru ærin og mjög fjölbreytt.

„Í embætti mínu sem annar Sm. sænsku Landsstúkunnar hef ég fengið að sjá og læra alveg ótrúlega margt um sænska frímúrarakerfið. Bæði hvað varðar siðabálka og hefðir og ekki síður allt það skipulag og þau ófáu handtök sem rekstur á 15.500



Síðameistaragengi Eddu í golfferð. T.f.v.: Jón Andri Sigurðarson, Björn Kr. Arnarson, Ólafur Magnússon gestgjafi, Haraldur Eyvinds Þrastarson, Óskar, Arnar Bjarnason og Ragnar Dyer.

manna reglustarfi sem nær yfir bæði Svíþjóð og Finnland kallar á. Ég hef kynnst bræðrum frá öllum landshornum því fundirnir okkar eru þverskurður af allri sænsku Reglunni.“

Og verkefnið teygja sig oft út fyrir það sem við mundum kalla hefðbundnið fundastarf:

„Eitt skemmtilegasta verkefni sem við höfum tekist á við var þegar núverandi SMR í Svíþjóð, Christer Persson, setti sig í embætti. Þá vorum við með 350 manna fund á I° með öllum stórembættismönnum Landsstúkunnar, þar sem mættir voru bræður frá öllum 8 deildum sænsku Reglunnar. Það var virkilega skemmtilegur fundur.“

Þótt að starfið hafi gengið vel, viðurkennir Óskar að umskiptin hafi ekki alveg verið laus við áskoranir:

„Þessi tími hefur verið mjög gefandi og skemmtilegur en ég verð að viðurkenna að sænskan var ekki að gera mér starfið í stúkunni auðveldara, sérstaklega til að byrja með. Maður heyrir og skynjar fljótt að við störfum eftir sömu eða svipuðum siðabálkum þótt framkvæmd þeirra í Svíþjóð sé örlítið frábrugðin. En þar sem ég hafði lagt mig mikið fram við



Þrjár kynslóðir Óskara í Eddu: Móðurbróðir Óskar Jóhann Óskarsson, móðurafi Óskar Jóhannsson og Óskar Finnbjörnsson í Regluheimilinu 2018.

að læra athafnir okkar utan að þegar ég starfaði heima, áttu til að slæðast með íslensk orð á fundunum í Svíþjóð, en bræðurnir tóku því nú bara vel, og vildu jafnvel meina að það væri bara betra“.

Aðspurður um hvað væri á döfnni hjá sér næst svaraði Óskar því til að hann væri með skipun í starfi til 30. júní 2024 og að hann hlakkaði til að sjá hvað starfið byði upp á í kjölfarið, og vonaðist til að fá áfram tækifæri til þess að starfa og þjóna í Frímúrastarfinu sem hann segir

hafa verið sér gjöfult.

„Styrkurinn í starfinu fyrir mig snýst kannski fyrst og fremst um vináttuna. Það er ekki algengt að maður eignist virkilega góða vini á full-orðinsárum, en ég hef nú gert það tvisvar frá því að ég var 36 ára. Fyrst í Frímúrarareglunni á Íslandi og svo í Frímúrarareglunni í Svíþjóð, og fyrir það er ég afskaplega þakklátur“.

Pétur S. Jónsson

Minningartónleikar um Jón Sigurðsson, fv. DSM Reglunnar

Sunnudaginn 2. október, sl. voru haldnir sérstakir minningartónleikar um Br. Jón Sigurðsson, fv. DSM.

Br. Jón var afkastamikill er kom að samningu texta og ljóða við lög heimsþekktra tónlistarmanna og spannaði textasmíð hans ljóð við lög tónskálda á borð við br. Wolfgang Amadeus Mozart og allt til ABBA, Willie Nelson, Bob Dylan og Hank Williams, svo einhverjir séu nefndir. Kantór Reglunnar, br. Jónas Þórir Þórisson, í samvinnu við Stm. Glitnis, Vilhjálm Skúlason og St.Sm., Snorra Magnússon, hafði veg og vanda að undirbúningi tónleikanna, sem voru opnir öllum.

Einvalalið tónlistarmanna og söngvara söng og spilaði á tónleikunum en þar voru flutt ýmis fjölbreytt lög sem br. Jón hafði samið texta við eða þýtt yfir á íslensku.

Auk Frímúrarakórsins, undir stjórn br. Friðriks S. Kristinssonar komu fram á tónleikunum sönghópur Glitnis, undir stjórn br. Hilmaris Agnars Agnarsson, Kantor Reglunnar, br. Jónas Þórir Þórisson á píanó, br. Örnólfur Kristjánsson á selló, br. Pálmi Gunnlaugur Hjaltason á gítar og br. Sigurður Hafsteinsson á saxófón.

Einsöng önnuðust br. Ásgeir Páll Ágústsson, br. Bjarni Atlason, br. Gunnar Guðbjörnsson, Sigríður Thorlacius og br. Valdimar Haukur Hilmarsson.

Lögin sem flutt voru á tónleikunum, öll með textum br. Jóns, voru:

„Gengið til starfa“ eftir br. W.A. Mozart,

„Bræðralagið“ eftir br. W.A. Mozart,

„Glitnir 20 ára“ eftir br. Jónas Þóri,

„Snertu mig nú“ eftir Benny Anderson (ABBA)

„Symbolum“ eftir br. Jónas Þóri, texti br. Goethe/br. Jón Sigurðsson



Tónleikagestir nutu framúrskarandi flutnings góðrar tónlistar, fremst er Sigrún Jóhannsdóttir, ekkja br. Jóns Sigurðssonar.



Jón Sigurðsson, fv. DSM.

„Lof mér að gráta“ eftir G.Fr. Händel,

„Og þess ég óska þér“. Írsk blessun. Þjóðlag,

„Ætíð ung „Forever young“ eftir Bob Dylan,

„Drottinn Jesús þér ég þakka“. Amerískt lag,

„Ég sá þetta ljós“. Amerískt lag,

„Í fundarlok“ eftir br. W.A. Mozart.

Stórmeistari Reglunnar, br. Kristján Þórðarson, ávarpaði tónleikagesti og erindi fluttu br. Sigurður Kr. Sigurðsson, DSM og br. Kristján Björnsson, ÆKR.

Um 200 manns, bæði bræður og systur, auk fjölskyldu br. Jóns, sóttu tónleikana.

Fjölskyldu br. Jóns og ekkju hans, frú Sigrúnu Jóhannesdóttur, eru færðar hugheilar þakkir frá Frímúrarareglunni á Íslandi fyrir að samþykkja það að Reglan héldi þessa minningartónleika um br. Jón.

Svipmyndir frá minningartónleikum um Jón Sigurðsson



Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Ekkja br. Jóns Sigurðssonar stillir sér upp með Kristján Þórðarson SMR sér á aðra hönd og Jónas Þóri Þórisson Kantor Reglunnar á hina ásamt fjölmörgum flytjendum tónlistarinnar.



Fjöldi flytjenda og gesta voru á minningartónleikunum.



Stórmeistari Frímúrarareglunnar, Kristján Þórðarson, ásamt eiginkonu sinni, Guðrúnu G. Þórarinsdóttur, og Sigurði Erni Einarssyni, fv. SMR og eiginkonu hans, Sigrúnu Margréti Ragnarsdóttur.



Meðal flytjenda voru br. Jónas Þórir Þórisson, Kantor Reglunnar, Sigríður Thorlacius söngkona og Sigurður Hafsteinsson klarinettuleikari.



Bræður bíða þess að Síðameistari Rúnar kalli inn til afmælisfundarins.



Drafnarbræður. Efri röð f.v.: Jón Karl Ágústsson, Jón Salmannsson, Guðmundur Gauti Sveinsson og Jón Hrólfur Baldursson. Neðri röð f.v.: Stefán Guðni Aðalsteinsson og Stefán Einar Friðriksson.



Fyrrverandi Stólmeistarar Rúnar, þeir Sigurður Jóhannesson, Hreiðar Hreiðarsson og Kristinn Eyjólfsson og núverandi Stólmeistari, Daníel Guðjónsson.

St. Jóhannesarstúkan Rún 90 ára

St. Jóhannesarstúkan Rún á Akureyri fagnaði 90 ára afmæli sínu á veglegum hátíðarfundi og hátíðar- og veislustúku að honum loknum þann 12. október sl. Um 130 bræður sóttu fundinn en auk Rúnarbræðra komu gestir víða að af landinu. Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Kristján Þórðarson, heiðraði stúkuna með nærveru sinni ásamt fylgdarliði og

setti sú heimsókn enn meiri hátíðarblæ á samkomuna.

St. Jóhannesarstúkan Rún var stofnuð 5. ágúst 1932 og er næstelsta frímúrarastúka landsins. Einungis móðurstúkan Edda er eldri. Stólmeistarar Rúnar frá upphafi eru 14 talsins. Vilhjálmur Þór var fyrstur en núverandi Stólmeistari er Daníel Guðjónsson.

„Sjón er sögu ríkari,“ er stundum sagt og eru það orð að sönnu. Hér birtum við myndir sem Páll A. Pálsson, ljósmyndari og Rúnarbróðir, tók á afmælisfundinum og í hátíðar- og veislustúkunnar að fundi loknum.

*Bragi V. Bergmann
Ljósmyndir: Páll A. Pálsson*



Bræður gáfu sér tíma til að stilla sér upp til myndatöku áður en borðhald hófst í hátíðar- og veislustúkunnni.



R&K, talið frá vinstri: Sigurður J. Sigurðsson, Stj.M. Súartstúkunnar Emeritus; Úlfar Hauksson, Stj.M. Stúartstúkunnar; Árni Gunnar Kristjánsson, Y.St.Stv. Landsstúkunnar; Þorsteinn G.A. Guðnason, FHR; Kristján Sigfús Sigmundsson, HSM; Kristján Þórðarson, SMR; Sigurður Kr. Sigurðsson, DSN; Úlfar Guðmundsson, SÆK Emeritus og Snorri Magnússon, St.Sm.



Stórmeistari Reglunnar, Kristján Þórðarson og Daníel Guðjónsson, Stólmeistari Rúnar.



F.v. Kristján Már Magnússon, Vm. Huldar, Angantýr Arnar Árnason, Donald Þór Kelley, Haraldur Ólafsson, Sveinn Elías Jónsson í Kálfsskinni og Pétur Erling Leifsson.



Rúnarbræður í Huld. F.v. Jóhannes Baldur Guðmundsson, Sigþór Hilmar Guðnason, Hreiðar Eiríksson, Róbert Jón Jack, Eðvarð Þór Eðvarðsson og Aðalgeir Hallgrímsson.



Ljós. Jón Svavarsson

Hópur íslenskra bræðra gerði sér ferð til Noregs til að vera viðstaddir þegar br. Valtýr Örn Valtýsson var tekinn upp í Hlín, á IV/V stigi, hjá norsku St. Andrésarstúkunni Oscar til den Flammende Stjerne. Hér stilla bræðurnir sér upp til myndatöku að loknum fundinum, stigtakinn Valtýr Örn 2. f.v. í fremstu röð.

Upptaka íslensks bróður í Hlín í Osló

Íslenskur bróðir úr Gimli hefur búið í Noregi í allmörg ár. Hann hafði skilað til okkar leiðarbréfi fyrir margt löngu en af ýmsum ástæðum hafði ekki tekist að koma upptökunni í framkvæmd. Að lokum var ákveðið að fá vinastúku okkar í Osló til þess að sjá um upptökuna fyrir okkur í Hlín.

Covid setur strik í reikninginn

Eftir að hafa fengið samþykki hjá bæði Frímúrarareglunni hér á landi og þeirri norsku var hafist handa um að undirbúa upptökuna. En þá skall þessi fordæmalaus Covid-bylgja á heimsbyggðina og fresta varð upptökunni þar sem starf lagðist af í báðum frímúrarahúsum. Til að gera langa sögu stutta varð þessum gjörningi frestað þrisvar sinnum af sömu ástæðu. Í vor sem leið grillti í lok

heimsveirunnar og var þá ákveðið að stilla upp fundi í byrjun október sem þeir norsku kölluðu Íslandsfundinn. Annar Íslendingur skyldi vera tekinn upp á sama fundi en hann er meðlimur í norsku Frímúrarareglunni.

Um 50 manna hópur lagði land undir fót

Um fjórtíu bræður lögðu land undir fót til þess að vera viðstaddir þennan viðburð sem ég held að eigi sér enga hliðstæðu. Norska stúkan Oscar til den flammende stjerne er elsta Andrésarstúkan þar í landi með 2.000 bræður í sínum röðum og hefur verið í vinarsamnandi við Hlín síðan 2014.

Nú systur voru með okkur í ferðinni og fóru þær með norskum systur til Holmenkollen meðan á fundi okkar stóð og snæddu kvöldverð með þeim í veitingahúsi sem er í hlíð-

um fjallsins. Fyrr um daginn hafði bræðrum og systur verið boðið að skoða Regluhúsið undir leiðsögn en það stendur við hlið norska þinghússins. Þá stóð Hjörleifur Valsson fiðluleikari, sem býr í Noregi, fyrir gönguferð um miðborgina þar sem hann benti á og útskýrði ýmsar merkar byggingar Oslóborgar.

Áherslumunur í sumum atriðum

Fundurinn var að sjálfsögðu líkur þeim fundum sem við þekkjum en þó áherslumunur í sumum atriðum. Við borðhaldið afhentum við Stólmeistararnir sitt hvorum stigþeganum stúkumerkin ásamt því að ávarpa þá.

Fundurinn var vel sóttur en þarna eigum við marga vini sem margir hverjir hafa komið til okkar eða við til þeirra. Margir norsku bræðranna minnst oft á það er þeir komu til Ís-



Stólmeistarar vinastúknanna Oscar til den Flammende Stjerne og Hlínar, Jörund Olaf Gustafsson og Jón Ásgeir Eyyólfsson, afhenda stigþegum viðurkenningar um stigtökuna með leiðbeiningum m.a. um lesefni o.fl. sem hæfir stiginu.

lands fyrir nokkrum árum og var boðið til kaffisamsætis á Bessastöðum. Því segjast þeir aldrei gleyma.

Kvöldið eftir fórum við flestir á upptökufund á 1. gráðu hjá stúku sem heitir St. Olaf til den 3 roser. Við þessa stúku eru þeir nýgengnir til liðs þeir Hjörleifur Valsson og Kolbeinn Ketilsson óperusöngvari og þeir spiluðu og sungu í borðhaldinu. Frábærir listamenn þar á ferð.

Ákaflega vel heppnuð ferð

Á fyrsta kvöldinu í ferðinni borðuðum við með nokkrum norskum bræðrum og systur í fyrrum ráðhúsi borgarinnar. Þar voru fyrstu frímúrararafundirnir haldnir áður en núverandi frímúrarahús var byggt en það er þó orðið 120 ára.

Vinskapur við frímúrarastúkur erlendis og fundir sem við upplifum í stúkuhúsum þeirra gefur oft víðara sjónarhorn á það starf sem við höfum að leiðarljósi. Þar fyrir utan er þessi félagslegi þáttur mikilvægur og opnar oft nýja fleti á starf okkar.

Ferð okkar heppnaðist ákaflega vel og tel ég að af henni hafi verið bæði gagn og gaman.

*Jón Ásgeir Eyyólfsson,
Stólmeistari Hlínar*



Úr St. Jóhannesarsalnum í Osló. Bræður fengu leiðsögn um húsið hjá fyrrum Skjaldarverði Norsku Frímúrarareglunar, Arne Hilmar Andersen, og eiginkonu hans Britt Andersen.



Nývígðu bræðurnir, Snorri Ólafsson og Valtýr Örn Valtýsson, ásamt Roy Vikan Sm. Oscars. Við hlið þeirra sitja Sturla Jónsson, annar meðmælanda Snorra, og Guðjón Elías Davíðsson, annar meðmælanda Valtýs.

A man with short dark hair and a light beard is sitting against a dark, textured wall. He is wearing a green long-sleeved athletic top with a white Nike swoosh on the chest, dark blue pants, and white sneakers with green accents. He is looking directly at the camera with a slight smile. The lighting is dramatic, highlighting his face and the texture of the wall.

k.
VERSLUN

**VELDU ÞAÐ
BESTA FYRIR
VETURINN**



Eiríkur Finnur Greipsson, Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar, og Allan Vagn Magnússon.

Styrkveitingar Frímúrarasjóðsins til mannúðar- og hjálparstarfs

Stjórn Frímúrarasjóðsins, menn- ingar- og mannúðarsjóðs Frímúrarareglunnar á Íslandi, sam- þykkti í byrjun desember 2022, að veita styrki til Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins á Íslandi til þess að styðja við hið mikilvæga mannúðar- og hjálpar- starf sem unnið er á vegum þess- ara aðila. Styrkirnir eru hvor fyrir sig að upphæð 2,5 milljónir króna, eða samtals fimm milljónir.

Formaður stjórnar, Allan Vagn Magnússon, afhenti styrkina Bjarna Gíslasyni, framkvæmda- stjóra Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjördísi Kristinsdóttur, svæðis- foringja Hjálpræðishersins.

Bæði Bjarni og Hjördís þökk- uðu innilega fyrir stuðninginn og báðu fyrir þakklætiskveðjur til bræðranna í Reglunni.

Meðfylgjandi myndir voru teknar við afhendingu styrkjanna.

Stjórn Frímúrarasjóðsins



Allan Vagn Magnússon og Hjördís Kristinsdóttir, svæðisforingi Hjálpræðis- hersins.

Allar almennar bíla viðgerðir



VÉLASTILLINGAR



VARAHLUTIR



SMURÞJÓNUSTA



PÖSTÞJÓNUSTA



HJÓLASTILLINGAR



VIÐGERÐIR

UMHVERFISVÆNT VERKSTÆÐI



Viðurkenndur
þjónustuaðili



Við vinnum samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunartæðinum og leggjum áherslu á að koma í veg fyrir mengun og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

BÍFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS



Smíðjuvegur 68, Kópavogi

Sími 587 1350

bifkop.is



GÆÐI | ÞJÓNUSTA | ÁBYRGÐ

www.tengi.is

Kópavogur – Smíðjuvegur 76
Akureyri – Baldursnes 6a
Selfoss – Austurvegur 69

© 414 1000
© 414 1050
© 414 1040

BAÐAÐU ÞIG Í GÆÐUNUM

Afmælisráðstefna dönsku Rannsóknastúkunnar Friederich Münther

Helgina 7.-8. maí sl. hélt danska rannsóknastúkan Friederich Münther afmælisráðstefnu í Regluheimili dönsku Reglunnar í Kaupmannahöfn í tilefni 25 ára afmælis stúkunnar. Ráðstefnuna sóttu bræður frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi og Íslandi.

Á ráðstefnunni voru flutt 17 erindi um margvísleg efni. Helst ber að nefna Þjóðverjanna Jan Snoek og Klaus Bettag sem hafa fundið og sannað hvar Carl Friedrich Eckleff fékk fyrirmyndina að siðabálkum Jóhannesar- og Andrésarstiganna en kerfi hans er grunnurinn að sænska kerfinu. Þeir komust að því að Eckleff hafi notað siðabækur frá þýskumælendi svissneskum stúkum, sennilegast frá Genf. Hluti siðakerfisins var skrifaður á dulmáli, bæði á frönsku og þýsku, og var dulmálið ráðið árið 2011. Síndu þeir máli sínu til stuðnings samanburðardæmi.

Að auki voru flutt mörg áhuga-verð erindi um ýmsa þætti frímúrarastarfsins.

Samfara ráðstefnunni var sameiginlegur fundur allra Stólmeistara rannsóknastúknanna á Norðurlöndunum. Þar var rætt um fram-



Claus Bettag, formaður Rannsóknafélags þýsku Stórstúkunnar; Haukur Óskarsson, Stm. Rannsóknastúkunnar Snorra; Niels Peter Lemche, Stm. Rannsóknastúkunnar Friederich Münther í Danmörku; Magnus Åkerman, Stm. Rannsóknastúkunnar Carl Friedrich Eckleff í Svíþjóð og Leif Endre Grutle, Stm. Rannsóknastúkunnar Niels Treschow í Noregi.

tíðarskipulag ritsins Acta Masonica rætt um að samræma tímasetningar en það er gefið út árlega með úrvalserindum frá hverri stúku. Einnig var

helstu viðburða stúknanna.

Endurbættur vefur Reglunnar

Kristján Þórðarson, Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, opnaði endurbættan vef Reglunnar 16. nóvember 2022. Við það tækifæri lýsti hann ánægju sinni með þær breytingar og viðbætur sem gerðar hefðu verið á vef Reglunnar. Nú væri auðveldara að nálgast almennar upplýsingar um starf Frímúrarareglunnar á þeim hluta vefsins sem væri opin almenningi. Þá hefðu tengingar milli bræðra og stúkna á innri vef Reglunnar aukist verulega.

Notkun vefsins hefur aukist hröðum skrefum eftir að endurbætt útgáfa hans var opnuð árið 2016. Hann er í dag helsta upplýsingalind fyrir innskráða frímúrarabræður þegar leitað er að gögnum sem finna má og tengjast starfsemi Frímúrarareglunnar. Þá fjölgar þeim hratt sem leita að upplýsingum um Regluna sem finna má á opna hluta vefsins.



Ljós: Guðmundur Viðarsson

Kristján Þórðarson, Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, opnaði endurbættan vef Reglunnar 16. nóvember 2022.

Vonast er til að sem flestir bræður virkni og útliti vefsins sem stendur kunnir að meta þær breytingar á þeim nú til boða.



EIRVÍK



Töfrar eldamennskunnar byrja með Eirvík

Suðurlandsbraut 20 / 108 Reykjavík / 588 0200 / eirvik.is.





Einar Guðmundsson.

Nýr stólmeistari St. Andr.st. Hörpu

Þann 26. október síðastliðinn fór fram Stólmeistarakjör í St. Andr.stúkunni Hörpu á Ísafirði. Kjörinn var br. Einar Guðmundsson og var hann í kjölfarið settur í embættið af R&K Stj.M.Stú Úlfari Haukssyni 9. nóvember.

Einar er fæddur í Bolungarvík þann 26. september árið 1956 og voru foreldrar hans Guðmundur Páll Einarsson og Kristín Marselíusardóttir. Einar lauk námi í Fiskvinnsluskólanum í Hafnafirði árið 1979.

Hann starfaði sem verkstjóri í Íshúsfélagi Bolungarvíkur frá 1979 til 1993, en það ár gerðist hann umboðsmaður Skeljungs og vann þar til ársins 2004. Frá árinu 2004 og til dagsins í dag hefur hann verið umboðsmaður Olís á Vestfjörðum.

Einar gekk í St. Jóh.st. Njálu árið 2006 og starfaði þar meðal annars sem E.Stv. og aM. Hann gekk í St. Andr.st. Huld árið 2009. Árið 2014 var St. Andr.st. Harpa stofnuð og var hann einn af stofnendum stúkunnar og stofnfélagi og hefur gegnt embætti Fh. í stúkunni frá upphafi.

Einar er kvæntur Jenný Hólmssteinsdóttur viðskiptafræðingi og eiga þau 2 börn. Einar á 4 börn úr fyrra hjónabandi og 15 barnabörn.



Hjálmar Valgeir Björgvinsson.

Nýr stólmeistari St. Andr.st. Hlínar

Þann 18. október sl. fór fram Stólmeistarakjör í St. Andr.st. Hlín í Reykjavík. Kjörinn var br. Hjálmar Valgeir Björgvinsson, og var hann settur í embættið þann 1. nóvember af R&K MBR Hákon Birgi Sigurjónssyni.

Hjálmar er fæddur í Reykjavík þann 18. júní árið 1960, og eru foreldrar hans Björgvin R. Hjálmarsson og Guðný K. Eiríksdóttir. Hann lauk sveinsprófi í húsasmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 1981, og prófi úr raungreinadeild Tækniskóla Íslands árið 1983.

Hjálmar hóf störf hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík 1983 og lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins árið 1986. Hann hefur starfað sem lögreglumaður allar götur síðan, nú sem aðstoðaryfirlögregluþjónn Öryggisdeildar hjá Embætti Ríkislögreglustjóra.

Hjálmar gekk í St. Jóh.st. Eddu þann 18. apríl 1995 og í St. Andr.st. Hlín 24. febrúar 1998. Í Hlín hefur hann gegnt embættum vL, vY.Stv. og Vm, auk þess að gegna embætti Sm. Kap. í Landsstúkunni.

Hjálmar er kvæntur Sigríði H. Einarsdóttur hjúkrunarfræðingi, og eiga þau þrjú börn og þrjú barnabörn.



Marinó Kristinn Hákonarson.

Nýr stólmeistari St. Jóh.st. Njálu

Þann 1. nóvember 2021 fór fram Stólmeistarakjör í St. Jóh.st. Njálu á Ísafirði. Kjörinn var br. Marinó Kristinn Hákonarson, og var hann settur í embætti af St.R. Reglunnar, Eiríki Finni Greipssyni þann 11. desember 2021.

Marinó er fæddur á Ísafirði þann 26. mars árið 1963 og ólst upp í foreldrahúsum í Reykjarfirði við Djúp til fullorðinsára. Foreldrar hans voru Hákon Salvarsson og Steinunn Helga Ingimundardóttir, sem enn lifir.

Marinó starfaði að búi foreldra sinna þar til að hann flutti á Ísafjörð 1982. Þar vann hann almenna verkamannavinnu þar til hann hóf nám í blikksmíði hjá Blikksmíðju Erlendar, Hann rak blikksmíðadeild hjá Vélsmíðjunni Þristi 1987-1992. Hann hóf nám í húsasmíði hjá Ágústi og Flosa ehf. og lauk því 1996. Þá tók hann við rekstri Blikksmíðju 3X á árunum 1996-1999, stofnaði síðar Ísblikk ehf. og keypti rekstur smíðjunnar af 3X og hefur rekið hana síðan.

Marinó gekk í St. Jóh.st. Njálu þann 14. október árið 2002. Þar hefur hann gegnt embætti v.R, v.E stv, Y. stv, E.stv og starfaði sem V.M á árunum 2015-2021, auk þess að gegna ýmsum embættisstörfum fyrir St. Andr.st. Hörpu.

Marinó er giftur Júlíu Björk Þórðardóttur rafíðnfræðingi og rafvirkjameistara og eiga þau tvo syni og átta barnabörn.



TILBOÐ

2 fyrir 1

af margskiptum glerjum

PLUSMINUS | OPTIC

Smáralind - Sími 517 0317 - www.plusminus.is

Látnir bræður

28. október 2021 til 26. október 2022

Minningin lifir

Arnar Ívar Sigurbjörnsson, Njörður X
F. 08.04.45, D. 07.09.2022

Árni Ólafsson, Sindri X
F. 22.07.37, D. 19.01.2022

Árni Stefán Norðfjörð, Mímir X
F. 01.02.32, D. 21.06.2022

Baldur Þór Bragason, Hlér VII
F. 22.05.59, D. 08.01.2022

Björgvin Ragnarsson, Akur VIII
F. 17.05.56, D. 15.08.2022

Björn Baldursson, Rún X
F. 13.09.35, D. 04.04.2022

Björn Björnsson, Sindri X
F. 04.12.33, D. 19.05.2022

Elías Kristjánsson, Edda X
F. 11.09.38, D. 06.03.2022

Elís Jónsson, Akur VIII
F. 03.04.31, D. 11.07.2022

Emil L. Guðmundsson, Rún X
F. 19.09.35, D. 07.08.2022

Eyjólfur Ágústsson, Rún IX
F. 31.08.51, D. 03.04.2022

Eyjólfur Þ. Haraldsson, Hamar X
F. 29.07.40, D. 31.05.2022

Eypór Sigmundsson, Glitnir IX
F. 18.09.34, D. 05.06.2022

Gísli Marteinnsson, Mímir X
F. 07.08.37, D. 02.04.2022

Guðlaugur Ragnar Nielsen, Edda VIII
F. 28.06.32, D. 01.02.2022

Guðmundur Ingi Sigurðsson, Gimli X
F. 02.08.42, D. 21.10.2022

Guðmundur Sigurðsson, Akur X
F. 18.10.35, D. 13.03.2022

Guðni Ásmundsson, Njála X
F. 09.09.38, D. 08.10.2022

Guðráður Gunnar Sigurðsson, Akur VII
F. 02.07.71, D. 03.05.2022

Gylfi Jónsson, Gimli X
F. 25.03.38, D. 27.09.2022

Halldór Vilhjálmsson, Sindri X
F. 22.06.47, D. 01.04.2022

Halldór Þorsteinn Þorsteinsson, Edda IX
F. 12.07.38, D. 26.05.2022

Hallgrímur Skaptason, Rún R&K
F. 23.12.37, D. 27.09.2022

Hákon Heimir Kristjánsson, Edda X
F. 20.12.28, D. 07.01.2022

Hermann Bridde, Edda X
F. 16.05.27, D. 18.03.2022

Jóhann Gunnar Júlíusson, Sindri II
F. 17.01.70, D. 12.03.2022

Jón Eggert Hvanndal, Glitnir X
F. 28.07.30, D. 24.08.2022

Jón Magnússon, Mælifell VII
F. 01.11.54, D. 26.07.2022

Jón Ágúst Ólafsson, Mímir X
F. 10.08.25, D. 20.09.2022

Jón Ólafsson, Röðull IX
F. 24.09.31, D. 20.10.2022

Karl Jóhann Ormsson, Edda X
F. 15.05.31, D. 05.11.2021

Kristján Guðbjartsson Bergman, Lilja IX
F. 12.11.42, D. 30.07.2022

Kristján Gunnþórsson, Rún X
F. 12.03.45, D. 07.02.2022

Kristmann Þór Einarsson, Mímir IX
F. 05.01.45, D. 22.05.2022

Magnús Guðlaugsson, Glitnir VIII
F. 03.08.58, D. 09.05.2022

Magnús Gunnar Pálsson, Gimli IX
F. 18.09.45, D. 04.06.2022

Pétur Símon Víglundsson, Lilja X
F. 28.08.37, D. 13.01.2022

Rafn Hjartarson, Akur X
F. 27.07.35, D. 28.01.2022

Reynald Þráinn Jónsson, Edda X
F. 03.02.38, D. 24.09.2022

Samúel Jón Einarsson, Njála X
F. 07.01.48, D. 20.09.2022

Sigmundur Hermundsson, Gimli X
F. 01.08.40, D. 18.01.2022

Sigurbjartur Jóhannesson, Gimli X
F. 09.11.29, D. 07.08.2022

Sigurður Ástráðsson, Röðull VIII
F. 11.12.45, D. 16.07.2022

Sigurður Hallur Stefánsson, Hamar X
F. 29.04.40, D. 21.10.2022

Sigurgeir Sveinbergsson, Njörður IX
F. 11.03.51, D. 11.06.2022

Sigurjón Hannesson, Akur X
F. 18.08.38, D. 21.08.2022

Skarphéðinn Lýðsson, Hamar X
F. 01.09.34, D. 05.01.2022

Skúli Henning Flosason, Rún X
F. 01.03.31, D. 01.11.2021

Sólon Rúnar Sigurðsson, Mímir IX
F. 01.03.42, D. 21.06.2022

Steingrímur Theódór Þorleifss, Glitnir IX
F. 27.04.32, D. 03.03.2022

Sveinn Sturlaugsson, Akur IV-V
F. 09.06.51, D. 21.02.2022

Sverrir Valdimarsson, Rún X
F. 20.01.29, D. 31.12.2021

Sævar Friðrik Sveinsson, Gimli X
F. 07.02.51, D. 27.08.2022

Tryggvi Björnsson, Akur X
F. 01.06.27, D. 22.03.2022

Viggó M. Sigurðsson, Edda X
F. 20.02.26, D. 13.06.2022

Yngvinn V. Gunnlaugsson, Fjölur VIII
F. 27.09.51, D. 07.03.2022

Þorsteinn Jóhann Bjarnason, Gimli X
F. 28.07.32, D. 10.01.2022

Þorvaldur Ómar Hillers, Gimli IX
F. 06.09.42, D. 29.09.2022

Nýr VI° salur Hörpu á Ísafirði vígður

VI° salur St. Andrésarstúkunnar Hörpu á Ísafirði var vígður laugardaginn 24. september 2022 að viðstöddum fjölda stúkubræðra og gesta víða af landinu. Af sjálfu leiðir að slík vígsla á sér aðdraganda, sem í þessu tilviki spannar nærri 30 ár og verður hér á eftir gerð nokkur grein fyrir þeirri sögu.

Fræðslustúkan Harpa var vígð árið 2004 og 2014 náðist sá merki áfangi að Harpa hlaut viðurkenningu sem fullgild Andrésarstúka. Áður hafði þó farið fram stigtaka í húsnæði Hörpu með fulltingi St. Andrésarstúkunnar Huldar á Akureyri. Að baki fullgildingarinnar lá mikil vinna og flókin undirbúningur.

Hugað að stækkun húsnæðis

Á embættismannafundi í Njálu 1994 kom til tals að Njála keypti viðbót-arhúsnæði sem nýttast myndi, annars vegar sem stækkun fyrir aðstöðu Njálu og hins vegar sem húsnæði undir nýja Andrésarstúku. Ekki varð frekari umræða embættismanna um málið á þeim tíma.

Árið 1999 kom svo aftur upp sú hugmynd að kaupa til viðbótar húsnæði aðliggjandi því sem þegar var til staðar. Um var að ræða 350 fermetra rými og var ákveðið að kanna hug eigenda til sölu. Reyndust þeir jákvæðir að láta hluta rýmisins af hendi og varð úr að þeir seldu Njálu hluta húsnæðis síns.

Í framhaldinu var ákveðið að ræða við bróður Aðalstein V. Júlíusson um að skipuleggja húsnæðið og hanna innréttingar. Í þeirri hönnun var u.þ.b. helmingur viðbótarhúsnæðisins ætlaður undir fræðslustúku St. Andrésar. Hófst síðan framkvæmdir við að koma húsnæðinu í gagn og var þeim lokið í byrjun árs 2003.

Góð afmælisgjöf

Á embættismannafundi Njálu þann 10. mars 2003 var ákveðið að óska leyfis Stúkuráðs Reglunnar til starfrækslu St. Andrésar fræðslustúku. Æðstaráð Reglunnar samþykkti erindið þann 3. apríl 2003 og sú ákvörðun síðan tilkynnt Njálu að stofnuð yrði fræðslustúka á Ísafirði á stigum St. Andr.stúku undir handleiðslu St. Andr.st. Huldar á Akur-



Fjölmarginir bræður lögðu hönd á verkið.

eyri. Formlega var þessi ákvörðun síðan tilkynnt af Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi, Sigurði Erni Einarssyni, á hátíðarfundum í St. Jóh.st. Njálu 22. september 2003 í tilfni af 50 ára afmæli Njálu. Það var góð afmælisgjöf til styrktar stúku-starfi Njálu að eignast systur sem hún fengi að fóstara og ala upp sér við hlið.

Tólf tillögur um nafn

Verkefnin voru af ýmsum toga og til dæmis þurfti að finna nafn á stúkuna. Þar var úr tólf tillögum að velja og að endingu varð nafnið Harpa fyrir valinu. Um skjaldarmerki og kjörorð voru nokkrar hugmyndir og tók það um þrjá fundi að komast að niðurstöðu sem allir voru sáttir við. Embættismenn Reglunnar, þáverandi Stólmeistarar St. Andr.st. Heklu og

St. Andr.st. Huldar veittu ómetanlega aðstoð í því sem leitað var með til þeirra varðandi vígsluna. Og var kraftaverk að það skyldi takast á þeim tíma sem raun bar vitni.

Vígsludagur var ákveðinn 22. maí 2004. Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Sigurður Örn Einarsson, stjórnaði vígslu húsnæðisins og stúkunnar. Á vígslufundinum voru mættir 142 bræður enda tilefni ærið. Stofnendur fræðslustúkunnar voru 11 bræður og stofnfélagar sem skráðu sig fyrir vígslu voru 78 bræður.

Fyrsti fundur Hörpu eftir vígslu var 6. október 2004. Starfið gekk vel enda gott samstarf við verndarstúkuna Huld á Akureyri. Tíu ár liðu frá vígslu fræðslustúkunnar Hörpu til fullgildingar hennar. Snorri Hermannsson var frá upphafi Stjórnandi bróðir fræðslustúkunnar Hörpu þar



Framkvæmdir við nýja salinn.

til Ingimar Halldórsson tók við keflinu af honum á vordögum 2013. Ingimar tók við rúmu ári áður en fræðslustúkan hlaut fullgildingu og vígslu sem St. Andrésarstúka.

Lokahnykkurinn

Hálft ári eftir að Ingimar tók við embætti stjórnandi bróður, eða í desember 2013, barst bréf frá Stórmeistara Reglunnar þar sem tilkynnt var

að Reglan hefði heimilað að Harpa yrði fullgild St. Andrésarstúka og var honum falið að standa fyrir nauðsynlegum undirbúningi til að svo mætti verða. Þá tók við krefjandi en skemmtilegur tími því að það mátti aldeilis láta hendur standa fram úr ermum við að fullnægja öllum þeim kröfum sem gerðar voru til fullgildrar stúku umfram fræðslustúku.

Vinnan við lokaundirbúninginn

hófst í lok janúar 2014 og tóku margir bræður ærlega til hendinni fram til sumars. Skipulögð voru vinnukvöld tvisvar í viku og einnig var unnið um helgar. Þegar lokafundur var haldinn um vorið 2014 var stúkan Harpa nær tilbúin. Snemma sumars var ákveðið að vígsludagurinn skyldi verða 18. október. Hafist var handa í september við að fullbúa stúkusalinn og voru þau mörg viðvikin sem þurfti að ljúka í september og október.

Þétt setinn bekkur

Á vígsludaginn mætti Landsstúkan og vígði stúkuna. Til vígslunnar mættu 135 bræður alls staðar að af landinu, Norðurlandi, Austfjörðum, Suðurlandi og Vesturlandi, auk heimasvæðisins á Vestfjörðum. Var svo þétt setinn bekkurinn að sjónvarpa varð fundinum fram í forsalinn þar sem rúmlegar 40 bræður sátu. Stofnfélagar St. Andrésarstúkunnar Hörpu voru 94, þar af voru 13 skráðir stofnendur.

En betur má ef duga skal. St. Andrésarstúkan er ekki fullgild nema hafa VI° sal og því var strax árið 2014 hafinn undirbúningur að því að innrétta salinn. Komust framkvæmdir á fullt skrið starfsárið 2019 til 2020, en Covid setti strik í reikninginn og ekki komst skriður á verkið svo neinu nam fyrir en líða tók á árið 2021. Verkinu lauk svo síðla sumars 2022.

Við uppsetningu stúku er að ýmsu að hyggja og smáatriðin mörg. Táknin á táknatöflunni voru keypt frá Bali í Indónesíu og flisarnar á gólfð frá Kína. Einnig var endurnýtt og gluggatjöldin úr veislusalnum notuð til að klæða stúkuna. Öll vinna var unnin af frímúrarabræðrum af förn-fýsi og natni.

Vígslan fór svo fram 24. september og húsakynnin vígð af núverandi Stórmeistara Reglunnar. Bræðurnir sem mættu á vígsluna voru 107 og komst fjöldinn ekki inn í salinn og var fundinum streymt inn í Jóhannesar salinn þar sem bræður gátu fylgst með.

Steinþór Bjarni Kristjánsson

Helstu heimildir eru Frímúrarinn, fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi, 1. tölublað 13. árgangur og fundargerðir St. Andr.st. Hörpu. Einnig var leitað í smíðu Ingimars Halldórssonar.

ÖRUGG AFRITUN GAGNA

TRAUST OG PERSÓNLEG TÖLVUÞJÓNUSTA

Hagstæðar lausnir fyrir fyrirtæki, stofnanir,
sveitarfélög og sjálfstæða atvinnurekendur.



Valgeir - Framkvæmdastjóri

Andriy - Tæknimaður

Valentyn - Tæknistjóri



**SKÝ
SPEGLUN
SKJÖL**

Upplýsingar á Afrit.is



VAKT!N

**SILFURVAKTIN
GULLVAKTIN
PLATINUMVAKTIN**

Upplýsingar á Tolvuadstod.is



TÖLVUAÐSTOÐ

Minjasafnið

Skjöldur Bents Scheving Thorsteinssonar færður Reglunni að gjöf

Að loknum fundi í Landsstúkunni 25. apríl (2019) afhenti Gunnar Scheving Thorsteinsson Reglunni skjöld að gjöf sem faðir hans Bent Scheving Thorsteinsson lét mála í Danmörku. Bent Scheving lést áður en hann náði að gefa Reglunni skjöldinn. Gunnar sonur Bents tók við skildinum eftir andlát föður síns og afhenti hann Kristjáni Þórðarsyni IVR sem tekur við honum f.h. Reglunnar.

Eftir bestu vitund (skv. athugun Jóns Birgis Jónssonar, HSM, á dönskum heimildum) er skjöldur þessi málaður eftir skildi Præbendekapitulans frá 1448.

Varðandi tilurð og sögu skjaldarins vitna ég í bréf sem Bent Scheving ritaði sjálfur um skjöldinn þegar til stóð að hann afhenti skjöldinn, en þar segir hann;

„Bræður mínir, í kvöld veitist mér sú gleði að afhenda Reglu vorri skjöld þann er ég lét gera eftir fyrirmynd er finna má á Minjasafni Reglunnar í Kaupmannahöfn. Skjöldur þessi er skjöldur Stúartlogens Orient Reykjavík og ber með sér að hér er um aldanska stúku að ræða, svo sem allar stúkur á Íslandi í upphafi. Stúka þessi var stofnuð 1934 og nefndist Commendehuset Island og stjórnandinn nefndist Stór Príor og var að sjálfsgöðu Ludvig Emil Kaaber er stjórnaði henni allt til 1940.“

Síðar í bréfinu segir:

„Að lokum er þess að geta að skjöld þennan gef ég til minningar um föður minn Þorstein Scheving Thorsteinsson er bar virðulegan titil Stór Príor 1942 til 1944. Sá sem tók við af honum 1944, Sveinn Björnsson forseti.“

Í lok bréfsins segir:

„Ósk mín og fyrirætlun er með aðstoð allra bræðra að safna saman öllum munum og sýna minningu þeirra þá virðingu, sem þeim



Gunnar Sch. Thorsteinsson afhendir Kristjáni Þórðarsyni, þáv. IVR, skjöld föður síns, Bent Sch. Thorsteinssonar.



vissulega ber þó fyrr hefði verið. Ég hef lokið máli mínu og óska þess að mega nálgast Stórmeistara Reglu vorrar og afhenda honum gjafabréf með þessum orðum mínum til staðfestingar.”

Þess má geta að Jón Birgir Jónsson R&K hefur unnið ítarlega samantekt varðandi störf Þorsteins Scheving Thorsteinssonar í þágu Reglunnar og mun sú samantekt verða bræðrum aðgengileg síðar.

Grein þessi birtist á vef Reglunnar þann 27. apríl 2019. Hún er endurbirt hér, að ósk gefanda.

Styrktarauglýsingar




**Hjóla
sprettur**
VERSLUN OG VIÐGERÐIR



Kalli 



TOPP ÚTLIT
-merkingar-
skiltagerð - sandblástursfilmur - bílamerkingar



Hjólbarðapjónusta Magnúsar



www.norlandair.is



Grundarstíg 5
Sími 894 7584



Síðumúla 1, sími 517 6300



Styrktarauglýsingar



Gillibo ehf
Málningarþjónusta
Gísli Björgvinsson

Sími 821-2026 - Netfang: gillibo61@gmail.com



HÁSANDUR

Birkiási 36, 210 Garðabæ
892 0202

REGALO.



Fjarðargötu 1, Seyðisfirði
Sími 472 1300



A Faktoring

Rekstrarfjármögnun fyrir fyrirtæki



www.alnabaer.is



Nesey ehf



Íkallhósti 2 • 250 Gæði
Sími 422 7103 • GSM 892 9812 • Síðupóstur: raf@centum.is



BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR

Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

QUORUM

www.quorum.is



vordufell@simnet.is • vordufell.is



SMÍÐJUVÖLLUM 6
AKRANES • Sími 431 3022



Jólaballið í Regluheimilinu var fjölsótt.

Fjölsótt og vel heppnuð jólaböll

Frímúrarareglan á Íslandi stendur fyrir jólatrésskemmtunum í Regluheimilinu í Reykjavík um hver jól.

Tilgangur jólatrésskemmtanna er að bræður og fjölskyldur þeirra geti notið samverunnar og haldið upp á jólahátíðina saman í glæsilegu umhverfi.

Markmið okkar sem höldum þessari skemmtanir er að þær séu hefðbundin (gamaldags) jólaböll af flottustu gerð sem boðið er upp á hérlandis.

Um síðustu jól voru haldin þrjú jólaböll 28., 29. og 30. desember. Þau voru sótt af um 1.200 manns og gengu þau vel fyrri sig.

Umsjónarmenn þessara jólatrésskemmtana undanfarin ár, hafa verið bræðurnir Baldvin Bjarnason og Stefán Þór Stefánsson.

Undirbúningur hefst vanalega um leið og reglustarfið, en þá er farið að finna skemmtikrafta og skemmtiatriði og við að sér aðföngum, eins og dúkum, höttum og svo jólaskrauti eftir þörfum.

Einnig þarf að semja við birgja um veitingar, sælgæti og drykkjarföng. En þess ber að geta að allir samstarfsaðilar Frímúrarareglunnar sem koma að skemmtunum hafa reynst okkur afar vel varaðndi verð og þjónustu.

Miðasala fer síðan fram í desember og var í fyrsta skipti notast við netsölu og gekk hún eftir atvikum nokkuð vel en alltaf er nokkur hópur sem þarf aðstoð við þessi mál og er það sjálfsagt mál.

Eins og við settum upp skemmtanirnar síðasta ár, þá sá Edda Borg um hljómlistarflutning ásamt sinni hljómsveit og sem var einkar glæsileg og vel útfærð.

Skemmtiatriðið var á marmaranum eins og hefð hefur skapast fyrir og að þessu sinni var það Lalli töfraður sem sá um þau.

Jólasveinar koma í heimsókn og dansa í kringum jólatréð og syngja með krökkunum og sjá Reglubræður um það undir stjórn br. Jóns Svavarssonar.

Veitingar komu frá Myllunni en þetta er í fyrsta skipti sem við höfum tekið veitingar þaðan. Þegar veitingar koma í hús er framreiðslan á þeim unnin í miklu og góðu samstarfi við eldhúsið undir tryggri stjórn br. Reynis Magnússonar og hefur hann reynst okkur afar vel í þessari framkvæmd og undirbúningi eins og alltaf. Reynir hefur séð um innkaup á öðrum vörum sem notaðar eru í eldhúsinu eins og það sem þarf í kaffi og súkkulaði og þess háttar.

Þegar skemmtuninni lýkur fá börnin með sér nammipoka sem er útbúinn í samvinnu við sælgætisgerðina Freyju, en þar hefur Evar Guðmundsson, eigandi Freyju, verið okkur afar góður og gert vel við okkur.

Verklegur undirbúningur fyrir jólaböllin er vanalega fyrir jól strax eftir síðasta stúkufund eða um 20. desember, en þá mætir í húsið hópur manna úr flestum Jóhannesarstúkunar.



Gleði og eftirvænting skín úr öllum andlitum.

um í Reykjavík. Þeir skreyta salina og jólatréð, raða borðum og þess háttar. Síðan fáum við okkur pylsur og dæmst að verkum okkar í góðra bræðra hópi. Skemmtileg stund frá 5-8 sem gengur vanalega mjög vel. Á jólatrésskemmtanirnar sjálfar koma einnig bræður úr stúkunum, afgreiða, bera fram veitingar og

ganga svo frá salnum og gera hann kláran fyrir næstu skemmtun daginn eftir.

Eftir síðustu skemmtunina bætast við nokkrir bræður og við göngum frá svo hægt sé að hefja frímúrarastarf strax eftir áramót í húsakynnum Reglunnar eins og ekkert hafi í skorist.

Lokauppgjör á peningamálum er svo gert í byrjun janúar og skilað til Félhíðis Reglunnar og Stjórnstofu sem er svo notað til grundvallar til næstu fjárhagsáætlunar.

*Baldvin Bjarnason
Stefán Þór Stefánsson*

Styrktarauglýsingar



Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki



*Frímúrarinn þakkar
auglýsendum stuðninginn.*

Vefverslunin Bróðir.is fær góðar móttökur

Þann 1. nóvember síðastliðinn var opnuð að nýju vefverslunin Bróðir.is, www.brodir.is eftir að hafa verið lokað síðan í vor. Verslunin er í húsnáð Regluheimilisins við Bríetartún.

Eins og kunnugt er, var verslunin rekin af þeim Maríu Önnu Clausen og br. Ólafi Vigfússyni í tæpan áratug og var hagnaðurinn gefinn til líknarmála Reglunnar. Þau ákváðu í vor að hætta rekstri vefsins og gáfu Frímúrara-reglunni lager verslunarinnar og nafnið með þeim orðum: „Við vonum að Bróðir.is vaxi og dafni í fangi Reglunnar og að bræður verði hér eftir sem hingað til duglegir að versla við Bróðir.is og afla þar með áfram fjármuna til góðra verka“.

Strax við opnun hefur Bróðir.is fengið góðar móttökur og hafa bræður verið duglegir að heimsækja vefinn og einnig að versla og það má segja að verslunin sé komin á fullt skrið. Hafin er vinna við að auka vöruúrval verslunarinnar auk þess að halda utanum sölu minjagripa og bóka til styrktar styrktarsjóði Reglunnar. Áhersla verður samt sem áður miðuð við nauðsynlega hluti fyrir frímúrara.


Styrktarráði var falið að hafa umsjón með rekstri Bróðir.is og hefur br. Tómas H. Ragnarsson tekið að sér að vera í forsvari (kaupfélagsstjóri) og hefur hann fimm bræður sér til aðstoðar, sem skipta með sér verkum. Geta má þess að öll vinna við að koma þessum vef á laggirnar hefur verið unnin í sjálfböðavinnu og hafa margir bræður komið að því verkefni og eiga miklar þakkir skildar fyrir. Jafnframt verður öll vinna við verslunina unnin í sjálfböðavinnu.

Styrktarráð Reglunnar er skipað sjö bræðrum sem skipaðir eru til tveggja ára í senn. Ármaður Reglunnar er oddviti ráðsins og varaoddviti er St.Stú.M. Landsstúkunnar.

Hlutverk styrktarráðs Reglunnar er að hafa umsjón með Útfarasjóði, Styrktarsjóði Reglunnar og einstakra stúkna auk annarra sjóða sem því er falið að ráðstafa.



Tómas Ragnarsson, „kaupfélagsstjóri“ og Skúli Lýðsson ÁMR.



Útfarasjóður veitir aðstoð við fráfall bræðra, Styrktarsjóður aðstoðar fátæka bræður og fjölskyldur látinna bræðra. Styrktarráð fylgist með starfsemi bræðranefnda St. Jóh.-stúknanna varðandi líknarmál.

Styrktarráð úthlutar styrkjum og líknarfé til frímúrara-bræðra og fjölskyldna þeirra innan ramma samþykktu áætlana og fyrirmæla sem Stórmeistari Reglunnar kann að setja.

Tekjur styrktarsjóðs eru eingöngu byggðar á frjálsum framlögum bræðra og samskotum á fundum Reglunnar og er það í anda hugsjóna bræðralagsins að láta gott af sér leiða. Bróðir.is er kær viðbót við að afla fjár til líknarstarfa fyrir styrktarsjóði Reglunnar.

Skúli Lýðsson ÁMR.

Skjalasafnið

Skjalasafnið og fræðimenn

Fræðastörf innan Reglunnar

Hlutverk Skjalasafns Reglunnar er meðal annars að aðstoða bræður við að afla nauðsynlegra upplýsinga um málefni Reglunnar. Sjá reglugerð fyrir safnið, til dæmis í Leiðbeiningum fyrir embættismenn.

Síðan í febrúar 2016 hefur verið unnið markvisst að því að skanna og tölvuskra skjöl safnsins. Þó verkinu sé hvergi nærri lokið, hafa stórlega batnað möguleikar til að finna tiltekin skjöl og nálgast upplýsingar.


Pegar bræður eru að taka saman efni, til dæmis í afmælisrit stúku, erindi til flutnings í stúku eða rannsóknarerindi í stúkunni Snorra, leita þeir oft til skjalasafnsins. Eftirspurn eftir þessari þjónustu hefur aukist á undanförunum árum, líklega bæði vegna aukinnar rannsóknastarfsemi bræðra og aukinna möguleika skjalasafnsins til að veita þjónustu.

Fræðastörf utan Reglunnar

Nýtilkomin er samvinna við fræðimann utan Reglunnar. Sagnfræðingur hefur óskað leyfis til að athuga bréf og önnur gögn í vörslu Frímúrarareglunnar á Íslandi sem varða Kristján X, konung Íslands og Danmerkur og Stórmeistara Frímúrarareglunnar.

Kristján X fékk margvislegar tillögur frá Stúkuráði og áritaði samþykki sitt yfirleitt með orðunum „Indstillingen bifaldes.“ Eitt dæmi er þekkt um áritun á íslensku, nefnilega þegar Kristján X samþykkti tillögu Stúkuráðs um stofnun fræðslustúkunnar Rúnar. Þar skrifaði hann „Föllumst á Tillöguna.“ Konungurinn mun hafa kunnað íslensku allvel.

Stórmeistari fól Erindreka Reglunnar og Skjalaverði Reglunnar að aðstoða fræðimanninn. Honum var sýnt Regluheimilið, veittar upplýsingar um eðli og sögu



Ákvörðun Kristjáns X um stofnun fræðslustúkunnar Rúnar.

Skjalasafn Reglunnar.

Reglunnar og mun í framhaldinu fá aðstoð skjalasafnsins við rannsóknir sínar.

Að því best er vitað, er þetta í fyrsta sinn, sem fræðimaður utan Reglunnar fær aðstoð við heimildaleit í Skjalasafni Reglunnar. Ef

vel er á haldið, getur slík samvinna orðið góð viðbót við aðra kynningu á Reglunni, án þess að slakað sé á leynd um það sem leynt skal fara.

Halldór Baldursson,
Skjalavörður Reglunnar.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998



BRÁÐ ehf.

**ER Á LISTA FRAMÚRSKARANDI
FYRIRTÆKJA FRÁ UPPHAFI**

*Fyrir það erum við þakklát frábæru starfsfólki,
sístækkandi hópi viðskiptavina
og einstakri íslenskri náttúru.*



VEIÐIHORNID



Síðumúla 8
108 Reykjavík
S: 568 8410
veidihornid.is